

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 28. apríl 2025

Mál nr. S-471/2025:

## Héraðssaksóknari

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

**Sigurði Kristinssyni,**

(Hilmar Magnússon lögmaður)

**Sigfúsi Bergmann Svavarssyni,**

(Eva Dóra Kolbrúnardóttir lögmaður)

**Baldri Þór Sigurðarsyni,**

(Ingi Freyr Ágústsson lögmaður)

**Agurim Xixa,**

(Snorri Sturluson lögmaður)

**Elsu Ruth Róbertsdóttur,**

(Þorgils Þorgilsson lögmaður)

og

**Y**

(Gísli Kr. Björnsson lögmaður)

## Dómur

### I

Ákæra, dómkröfur og málsmeðferð

- Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars 2025, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 16. janúar sama ár, á hendur Sigurði Kristinssyni, kt. [...], [...], Baldri Þór Sigurðarsyni, kt. [...], óstaðsettur í hús, Sigfúsi Bergmann Svavarssyni, kt. [...], [...], Agurim Xixa, kt. [...], óstaðsettur í hús, Elsu Ruth Róbertsdóttur, kt. [...], [...], og Y, kt. [...], óstaðsettur í hús, eins og hér greinir:

„I.

Gegn ákærðu Sigurði, Baldri Þór, Sigfúsi Bergmann og Agurim fyrir skipulagða brotastarfsemi og stórfellt fíkniefnalagabrot, sem ákærðu sammæltust um að fremja, með því að hafa staðið saman að innflutningi á 5.733,60 g af metamfetamín kristöllum, með 81% styrkleika í metamfetamínbasa sem samsvarar 100% af amfetamínklóríði, ætluðu til sölu-dreifingar hér á landi en efnin voru falin í bifreið af gerðinni Daimler Double Six sem

kom til Þorlákshafnar þann 11. október 2024 með flutningaskipinu Mykines frá Rotterdam í Hollandi en lögregla lagði hald á fíkniefnin og skipti þeim út fyrir gerviefni áður en bifreiðin var afhent þeim Sigfúsi Bergmann, Baldri Þór og Y þann 24. október 2024 og færðu þeir Agurim bifreiðina við [...] í Reykjavík þar sem hann reyndi árangurslaust að fjarlægja efnin úr bifreiðinni en daginn eftir flutti hann bifreiðina, ásamt Sigurði, að hesthúsahverfinu í [...] þar sem Sigurður fjarlægði efnin úr bifreiðinni og rétti þeim Agurim og Elsu sem báru þau inni í nærliggjandi hesthús.

Telst þetta varða við 173. gr. a og 175. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II.

Gegn ákærða Y, fyrir hlutdeild í tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots, sem lýst er í ákærulið I, með því að hafa þann 24. október 2024, ásamt þeim Sigfúsi og Baldri Þór, sótt til Þorlákshafnar Daimler Double Six bifreiðina sem ákærði vissi að í væru fíkniefni, sem skipt hafði verið út fyrir gerviefni, sbr. ákærulið I, og þannig veitt Sigfúsi og Baldri Þór liðsinni með því að vera stuðningur og hvatning en bifreiðina fluttu þeir að [...] í Reykjavík þar sem Agurim tók við henni.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

## III.

Gegn ákærðu Elsu Ruth, fyrir hlutdeild í tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots sem lýst er í ákærulið I, með því að hafa þann 25. október 2024, við hesthúsahverfið í [...] í Reykjavík, aðstoðað Sigurð og Agurim við að fjarlægja fíkniefnin úr bifreiðinni, sem búið var að skipta út fyrir gerviefni, sbr. ákærulið I, og tekið við hluta efnanna úr bifreiðinni og borið inn í hesthús.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er krafist [...] upptöku á 5.733,60 g af metamfetamín kristöllum, með vísan til

6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 69. gr. a almennra hegningarlaga en á grundvelli þess ákvæðis er jafnframt krafist upptöku á Daimler Double Six bifreið ([munur] nr. [...]í munaskrá lögreglu) auk sjö farsíma sem ákærðu notuðu við brotið (munir nr. [...], [...], [...], [...], [...], [...])og [...]í munaskrá lögreglu).“

2. Ákæran var birt fyrir verjendum ákærðu 29. janúar 2025 og málið var þingfest 5. febrúar sama ár. Við þingfestinguna lagði verjandi ákærða Sigfúsar fram matsbeiðni, dags. sama dag, og í þinghaldi 10. febrúar var M dómkvaddur sem matsmaður til að leggja mat á m.a. þroska, greind og geðástand ákærða Sigfúsar, auk fleiri atriða sem rakin eru í matsbeiðni. Var geðrannsókn M lögð fram í þinghaldi 24. mars sl.
3. Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru, auk þess sem gerð er krafa um að gæsluvarðhald sem ákærðu Sigurður, Sigfús, Baldur, Agurim og Elsa hafa sætt komi til frádráttar refsingu. Ákærði Sigurður neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að skipuðum verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun sem greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Sigfús neitar sök og krefst aðallega sýknu, til vara að honum verði ekki gerð refsing, en til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að skipuðum verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun, með hliðsjón af málskostnaðaryfirliti og tímaskýrslu, sem greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Baldur neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að skipuðum verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun, með hliðsjón af tímaskýrslu, sem greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Agurim játar sök að því er varðar stórfellt fíkniefnalagabrot en neitar sök að því er varðar skipulagða brotastarfsemi. Hann krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og að skipuðum verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun, með hliðsjón af málskostnaðaryfirliti, sem greiðist úr ríkissjóði. Ákærða Elsa neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að skipuðum verjanda hennar verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun, með hliðsjón af tímaskýrslu, sem greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Y neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að skipuðum verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun sem greiðist úr ríkissjóði. Einnig er af hálfu ákærðu Sigurðar, Sigfúsar, Baldurs, Agurim og Elsu gerð krafa um að gæsluvarðhald komi til frádráttar refsingu.

### *Málsatvik*

4. Samkvæmt skýrslu miðlægrar rannsóknardeildar um rannsókn málsins bárust lögreglu upplýsingar í september 2024 um að til stæði að flytja fíkniefni til landsins í bifreið. Voru ákærðu Sigurður og Baldur nafngreindir í því sambandi og sagðir standa að innflutningnum. Við vinnslu þessara upplýsinga mun hafa komið í ljós að ákærði Baldur og meðákærði Sigfús hefðu farið erlendis nokkrum dögum áður og væru nýkomnir til landsins með flugi. Gerð hafi verið greining á ferðalagi þeirra og komið í ljós að þeir hafi flogið frá Íslandi til Ítalíu 17. september 2024, farið síðan til Amsterdam og átt bókað flug þaðan til Íslands 26. september, en aðeins ákærði Sigfús hafi flogið með vélinni þann dag. Meðákærði Baldur hafi svo flogið sólarhring síðar til Íslands. Í framhaldi af þessu ákvað lögregla að skoða allan innflutning á þessa aðila í því skyni að kanna hvort þeir væru að flytja bifreið til landsins.
5. Þann 11. október 2024 kom til landsins með flutningaskipinu Mykines frá Rotterdam bifreið af tegundinni Daimler Double Six, árgerð 1973 og var bifreiðin flutt til landsins á nafni ákærða Sigfúsar. Bifreiðin var færð úr skipinu og á tollasvæði Smyril Line þar sem tollverðir og lögregla leituðu í bifreiðinni með hléum 14. og 15. október 2024. Samkvæmt leitarskýrslu miðlægrar rannsóknardeildar fundu tollverðir síðast nefndan dag pakkningar í olúpönnum bifreiðarinnar, annars vegar í olúpönnu mótorsins og hins vegar í olúpönnu fyrir sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Lögreglumenn frá tæknideild komu á vettvang, haldlögðu efnin og ljósmynduðu. Voru efnin fjarlægð úr bifreiðinni en ofan í botn og í hliðar olúpananna höfðu verið settir blýrenningar þar sem efnin voru og taldi lögregla það hafa verið gert til að torvelda gegnumlýsingu eða röntgenmyndun á pönnunum. Þá hafði nokkrum pakkningum verið troðið upp í vélbúnað bifreiðarinnar á sama stað, sem komu í ljós þegar pönnurnar voru teknar.
6. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar var um að ræða metamfetamínkristalla og reyndist vegin þyngd efnanna vera samtals 5.733,60 grömm. Þá reyndist styrkleiki metamfetamíns í sex sýnum úr efnunum, samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, sem aflað var á síðari stigum, vera 81% sem samsvarar 100% af amfetamínklóríði.
7. Á grundvelli dómsúrskurðar var í kjölfarið komið fyrir eftirfarar-, hljóð- og myndupp-tökubúnaði í bifreiðinni og annarri bifreið sem ákærði Sigfús hafði umráð yfir, auk þess sem fíkniefnunum var skipt út fyrir gerviefni. Þá voru einnig símar hleraðir á grundvelli dómsúrskurða. Í skýrslu miðlægrar rannsóknardeildar er því lýst að lögregla hafi fylgst

með ferðum ákærðu Baldurs, Sigfúsar og Y næstu daga, en ákærði Y hafi þegar þarna var komið sögu verið með þeim Baldri og Sigfúsi í bifreið þess síðarnefnda. Einnig hafi lögregla fylgst með ferðum ákærðu Sigurðar og síðar Agurim. Samkvæmt lögregluskýrslum voru hljóðrituð fjölmörg samtöl án vitneskju ákærðu, bæði símtöl, en einnig samtöl í og við bifreið ákærða Sigfúsar sem og við Daimler-bifreiðina. Í símtölum ákærðu Baldurs og Sigfúsar við meðákærðu Sigurð og Agurim hafi verið notuð dulnefni. Þannig hafi ákærði Agurim kallað sig „Johnny“ og ákærði Sigurður notast við nafnið „Sigursteinn“. Þá hafi samtölin borið með sér að mikil leynd hvíldi yfir raunverulegum tilgangi með innflutningi bifreiðarinnar. Ákærði Baldur hafi þó sagt einhverjum frá innflutningnum, en sagt að bifreiðin væri á leið í kvikmyndaverkefni.

8. Í skýrslu miðlægrar rannsóknardeildar kemur enn fremur fram að lögregla hafi skoðað bankareikninga ákærðu Sigfúsar og Baldurs og talið ljóst að þeir hefðu ekki staðið straum af kostnaði vegna innflutnings bifreiðarinnar. Þessir ákærðu hefðu sýnilega ekki haft mikla fjármuni á milli handanna á rannsóknartímabilinu [...].
9. Þann 23. október 2024 hafi ákærðu Sigfús og Baldur fengið staðfesta skráningu á bifreiðina og þá hafi verið komið að því að greiða gjöld vegna innflutningsins. Greiða hafi þurft um 500.000 krónur og hafi ákærðu Baldur og Agurim verið í miklum samskiptum vegna þessa þar sem þeir hafi rætt peninga. Í einu símtalinu hafi ákærði Agurim beðið ákærða Baldur um að fara afsíðis frá ákærðu Sigfúsi og Y á meðan þeir ræddu saman í síma og í framhaldinu sagt ákærða Baldri að fara upp í [...] að barnum [...] þar sem hann ætti að sækja peninga „hjá starfsmanni“.
10. Á meðal gagna málsins eru myndir sem sýna að ákærðu Agurim og Baldur hittust fyrir utan [...] og sjást þeir ganga saman þar inn og dvelja stutta stund áður en ákærði Baldur sést yfirgefa staðinn. Í skýrslu miðlægrar rannsóknardeildar kemur fram að ákærðu Sigfús og Baldur hafi svo farið rակleidis saman í hraðbanka Landsbankans í Mjódd og lagt inn 500.000 krónur, eins og ákærðu Agurim og Baldur hefðu rætt í símann skömmu áður. Eru upptökur úr eftirlitsmyndavél bankans einnig á meðal gagna málsins þar sem ákærðu Sigfús og Baldur sjást við hraðbankann. Þessir peningar hafi svo verið notaðir til þess að greiða gjöld vegna innflutnings bifreiðarinnar. Ekki hafi þó fengist afhendingarheimild þann dag þar sem afgreiðsla Skattsins hafi verið lokuð og ekki hægt að fá útgefna afhendingarheimild.
11. Morguninn eftir, 24. október 2024, hafi starfsmaður Smyril Line upplýst ákærða Sigfús um að það vantaði 5.008 krónur til að geta gengið frá innflutningsgjöldunum. Ákærði

Baldur hafi á þessum tíma verið í fangaklefa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna annars máls og því hafi ákærði Sigfús farið ásamt meðákærða Y í afgreiðslu Smyril Line og greitt þessa upphæð sem á vantaði. Ákærðu Baldur, Sigfús og Y hafi svo farið til Þorlákshafnar eftir hádegi þennan sama dag og hafi ákærði Baldur verið í samskiptum við öikumann flutningabíls um að sækja bifreiðina.

12. Áður en ákærðu fóru til Þorlákshafnar hafi þeir stoppað við Íslandsbanka við Suðurlandsbraut þar sem ákærði Sigfús hafi farið út úr bifreiðinni. Á meðan hann var fyrir utan bifreiðina hafi ákærðu Baldur og Y rætt saman og hafi Baldur upplýst Y um hvað væri falið í bifreiðinni. Umrætt samtal er til á upptöku og er á meðal gagna málsins. Ákærði Baldur segir við Y að það séu „6 kíló af ís“ í bifreiðinni og ákærði Y spyr: „Crystal Meth?“ og ákærði Baldur svarar: „Já, 6 kíló“. Ákærðu ræddu svo einnig verðmæti efnanna og kemur fram að ákærði Baldur ætli sér að fá 5.000.000 króna í stað 500.000 króna sem honum hafði verið lofað.
13. Þegar ákærðu komu til Þorlákshafnar hafi komið í ljós að enn ætti eftir að greiða fyrir flutning bifreiðarinnar frá Rotterdam til Íslands og hafi þetta verið reikningur að fjárhæð 359.000 krónur. Samkvæmt skýrslu miðlægrar rannsóknardeildar lögreglu fóru mikil samskipti af stað vegna þessa. Ákærðu Baldur og Sigfús hafi rætt við ákærðu Agurim og Sigurð, sem hafi báðir farið í að reyna að útvega pening. Þannig hafi ákærðu Sigurður og Agurim báðir rætt við A og hafi orðið úr að ákærði Sigurður hafi hitt A við Olís í Norðlingaholti og fengið hjá honum 250.000 krónur. Ákærði Sigurður hafi þessu næst farið með peningana og hitt B, sem hafði um tíma réttarstöðu sakbornings í málinu. Þau hafi farið saman og ætlað að leggja féð inn á reikning B, en einhverra hluta vegna hafi það gengið illa. Ákærði Sigurður hafi því lagt féð inn á sinn eigin reikning en svo strax millifært yfir á reikning B sem hafi í beinu framhaldi millifært féð áfram inn á reikning ákærða Sigfúsar. Þá mun ákærði Baldur hafa náð að útvega 120.000 krónur sem hann fékk að láni og lagt þá fjárhæð einnig inn á reikning meðákærða Sigfúsar, sem í framhaldinu greiddi reikninginn vegna flutnings bifreiðarinnar.
14. Ákærðu Baldur, Sigfús og Y hafi svo tekið við bifreiðinni í Þorlákshöfn þar sem hún hafi verið sett á flutningabíl og ekið til Reykjavíkur. Ákærði Baldur hafi farið með flutningabílnum og ákærðu Sigfús og Y ekið á eftir. Hafi ákærði Agurim gefið þau fyriræli að bifreiðin ætti að fara að [...] og þar hafi bifreiðin verið afhent honum.
15. Samkvæmt skýrslu miðlægrar deildar lögreglu gerði ákærði Agurim tilraun til þess að losa efnin undan bifreiðinni að kvöldi 24. október en honum hafi ekki tekist að opna

hólfin. Ljósmyndir af þessu eru á meðal gagna málsins. Daginn eftir, 25. október, hafi ákærðu Sigurður og Agurim verið í samskiptum og m.a. hafi þeir verið saman á [...] þar sem ákærði Sigurður hafi verið að vinna. Ákærði Sigurður hafi svo útvegað kranabíl til að sækja bifreiðina í [...] og fara með hana í hesthúsahverfið í [...]. Hafi ákærðu Sigurður og Agurim þessu næst farið í [...] og beðið eftir flutningabílnum og ákærði Agurim svo farið með flutningabílnum að [...].

16. Á meðan þessu hafi farið fram hafi ákærða Elsa verið komin að hesthúsinu og beðið í bifreið sinni og ekki farið út úr henni fyrr en ákærði Sigurður kom á staðinn. Þegar bíúð var að taka bifreiðina af flutningabílnum hafi ákærðu Sigurður, Agurim og Elsa hafist handa við að undirbúa það að tjakka bifreiðina upp og borið alls kyns timbur og plötur að henni, auk verkfæra.
17. Á meðal gagna málsins eru upptökur í hljóði og mynd af því sem gerðist við hesthúsið. Á upptöku heyrir þegar ákærði Agurim bendir meðákærða Sigurði á það hvar efnin voru falin og benti hann bæði á fremra og aftara hólfi. Ákærði Sigurður sést hefjast handa við að opna hólfin og mun hann hafa náð að opna aftara hólfið og fjarlægja efnin úr því. Samkvæmt skýrslu miðlægrar rannsóknardeildar hafi ákærði Sigurður fyrst tekið efnin sem hafi verið í efra lagi og sett þau í tösku sem ákærði Agurim rétti honum. Ákærði Sigurður heyrir á upptöku spyrja á ensku hvort einhver sé að horfa og biður svo meðákærða að fara með þetta inn í húsið og tekur fram: „Now, please“. Á upptöku sést svo ákærði Agurim ganga með tösku inn í hesthúsið handan götunnar og mæta ákærðu Elsu sem gekk í átt að bifreiðinni. Þessu næst hafi ákærði Sigurður fjarlægt stóra pakkningu í botni olúþönnunnar og rétt ákærðu Elsu hana. Á upptöku heyrir Sigurður spyrja: „Er einhver að horfa hérna?“ og svo: „Inn með þetta, Elsa. Inn með þetta. Ofan í skítinn“. Í framhaldinu sést ákærða bera þessa pakkningu inn í hesthúsið.
18. Nokkrum mínútum eftir að efnin voru færð inn í hesthúsið voru ákærðu handtekin þar inni og fundust fíkniefnin í tösku undir rúmi á efri hæð hússins. Í kjölfarið voru svo meðákærðu Baldur, Sigfús og Y handteknir í bílastæðahúsinu í [...].
19. Ákærði Sigurður gaf skýrslu hjá lögreglu 25. október og 5. nóvember 2024 og 7. janúar 2025 með réttarstöðu sakbornings. Í aðalatriðum var framburður hans á þá leið að hann játaði strax þátttöku í innflutningnum og kvaðst hafa talið að um væri að ræða amfetamín en ekki metamfetamínkristalla. Ákærði hefði fengið meðákærða Baldur í þetta sem hefði útvegað Sigfús til þess að vera skráður fyrir sendingunni. Hefðu ákærðu Baldur og Sigfús átt að fara út og sækja bifreiðina en hann sjálfur átt að sjá um að koma þeim út

og aftur heim og hafi hann m.a. lagt út fyrir flugi og fleiru fyrir þá. Ákærði neitaði að hafa fjármagnað innflutninginn og kvaðst hafa átt að fá greitt fyrir sitt hlutverk og hann hafi svo átt að greiða meðákærðu Baldri og Sigfúsi af sínum hlut. Þá kvað hann ákærða Agurim hafa verið í svipaðri stöðu og hann sjálfur, þ.e. „þátttakandi“, en hann væri ekki „efstur í goggunarröðinni“. Vildi ákærði ekki tjá sig um hver það væri. Ákærði kvaðst hafa farið í önnur hlutverk en rætt hefði verið um þar sem meðákærða Agurim hefði mistekist að ná efnunum undan bifreiðinni. Þá kvað ákærði meðákærðu Elsu ekki hafa verið með neitt hlutverk í innflutningnum, heldur hefði hún aðeins aðstoðað og haldið á fíkniefnunum inn í hestúsið þar sem hún hefði verið þarna á staðnum. Við síðari skýrslutöku dró ákærði nokkuð úr sínum þætti og kvaðst ekki hafa verið viss um að nota ætti bifreiðina til innflutnings á fíkniefnum. Þá kvaðst hann hafa haldið að mögulega væri um að ræða einhverjar pillur. Það hefði svo ekki verið fyrr en hann þurfti að taka að sér að skrúfa efnin undan sem hann hefði spurt hvað væri í bifreiðinni og þá fengið það svar að um væri að ræða 4 kíló af amfetamíni.

20. Ákærði Sigfús gaf skýrslu hjá lögreglu 26. október, 4. og 28. nóvember 2024 og 7. janúar 2025 með réttarstöðu sakbornings. Í aðalatriðum var framburður hans á þá leið að hann lýsti sig saklausan af innflutningi fíkniefna í fyrstu skýrslutöku en viðurkenndi að hafa lánað nafn sitt á innflutning bifreiðarinnar og haft þar hlutverki að gegna. Meðal annars hefði hann farið til Ítalíu, Belgíu og Hollands í því skyni. Ákærði kvaðst hafa hitt ákærða Agurim, sem hann kallaði Johnny, erlendis og farið með honum að kaupa bifreiðina sem hefði verið greidd með reiðufé, evrum. Hefði „Johnny“ komið með reiðuféð og afhent seljandanum. Hefði ákærði Baldur ekki verið viðstaddur kaupin þar sem hann hefði orðið eftir á Ítalíu og komið síðar til Belgíu. Ákærði kvað meðákærða Sigurð, sem hann kallaði Sigurstein, hafa bókað gistingu fyrir þá meðákærða Baldur og það hefði verið „Sigursteinn“ sem hefði fengið ákærða í verkefnið, en ákærði Baldur hefði verið meira leiðandi í verkefninu en ákærði. Ákærði kvað þá meðákærða Baldur hafa átt að fá 500.000 krónur hvor fyrir sína aðild að innflutningi bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst aðspurður í fyrstu skýrslutöku sinni ekki hafa vitað af fíkniefnunum en hann hefði verið farið að gruna það og hann og meðákærði Baldur hefðu mögulega rætt það eitthvað. Í skýrslutöku af ákærða 4. nóvember 2024 kvað ákærði að „Sigursteinn“ hefði beðið hann og meðákærða Baldur um að fara út og hefðu þeir fengið tveggja til fjögurra daga fyrirvara á ferðinni. Ákærði Baldur hefði verið í samskiptum við „Sigurstein“ og það hefði verið Baldur sem hefði fengið ákærða í verkefnið. Ákærði kvaðst hafa hitt „Johnny“ í

[...] og afhent honum lykilinn að bifreiðinni eftir að bifreiðin var komin þangað. Í skýrslutöku af ákærða 28. nóvember 2024 nafngreindi ákærði „Sigga Ragga“ (meðákærða Sigurð) sem raunverulegan eiganda bifreiðarinnar og það hefði verið hann sem ákærði hefði verið í samskiptum við hér heima varðandi bifreiðina. Kvað ákærði að meðákærði Baldur hefði komið með nafnið „Sigurstein“ á „Sigga Ragga“. Í síðustu skýrslutöku af ákærða hjá lögreglu 7. janúar 2025 voru svör ákærða yfirleitt á þá leið að hann annaðhvort vissi ekki eða myndi ekki það sem spurt var um.

21. Ákærði Baldur gaf skýrslu hjá lögreglu 25. október, 4. og 28. nóvember 2024 og 7. janúar 2025 með réttarstöðu sakbornings. Í aðalatriðum var framburður hans á þá leið að hann hefði farið erlendis ásamt meðákærða Sigfúsi til þess að kaupa bifreið og flytja til landsins, sem hefði átt að nota í kvikmyndaverkefni. Ákærði kvaðst hafa hitt „höndlara“ í Brussel sem hefði kallað sig Johnny, en neitaði í fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu að þekkja meðákærða Sigurð. Í skýrslutöku af ákærða 4. nóvember 2024 kvaðst ákærði hafa verið að aðstoða meðákærða Sigfús við innflutning bifreiðarinnar, sem hann kvað nýlega hafa fengið peninga frá lífeyrissjóði og ætti von á um 5.000.000–6.000.000 króna til viðbótar þegar hann væri kominn með örorkumat. Ákærði neitaði að hafa vitað af fíkniefnum í bifreiðinni og hélt sig við þann framburð eftir að hafa verið kynnt hljóðritað samtal hans við meðákærða Y, þar sem heyra má þegar þeir ræða um „ís“ og „Crystal Meth“. Þá neitaði ákærði að hafa farið á barinn [...] til að sækja 500.000 krónur og kvaðst ekki muna eftir að hafa farið í hraðbanka með peningana. Ákærði hafnaði framburði meðákærða Sigurðar um að hann hefði beðið ákærða um að fara í þessa ferð og að ákærði hefði svo fengið meðákærða Sigfús með sér. Í skýrslutöku af ákærða 28. nóvember 2024 voru borin undir ákærða samskipti hans við aðra sakborninga í málinu, m.a. símtöl, en ákærði hélt sig við fyrri framburð sinn um að það hefði verið meðákærði Sigfús sem hefði verið að flytja inn bifreiðina og ákærði hefði aðstoðað hann við það. Síðar í þessari skýrslutöku kvað ákærði að hann hefði farið til Belgíu og Ítalíu fyrir „Sigurstein“ til að flytja inn bifreið en ekki fíkniefni. Kvaðst ákærði ekki hafa leitt verkefnið varðandi innflutning bifreiðarinnar og ekki hafa verið í aðstöðu til að taka ákvarðanir tengdar innflutningnum. Í síðustu skýrslutöku af ákærða, 7. janúar 2025, kvaðst hann einungis hafa séð bifreiðina einu sinni tilsýndar en það hefði verið eftir að bifreiðin var keypt, enda hefði hann ekki verið kominn til Belgíu þegar hún var keypt vegna hrakfara á Ítalíu.

22. Ákærði Agurim gaf skýrslu hjá lögreglu 26. október, 5. og 29. nóvember 2024 með réttarstöðu sakbornings. Í aðalatriðum var framburður hans á þá leið að hann hefði verið að aðstoða meðákærða Sigurð í vinnu þegar hann hefði allt í einu verið handtekinn. Neitaði ákærði sök varðandi innflutning bifreiðarinnar og efnanna og neitaði tengslum við meðákærðu Baldur og Sigfús. Í skýrslutöku af ákærða 5. nóvember 2024 kvaðst ákærði hafa verið fenginn til að finna bifreið erlendis og hafi átt að fá prósentur fyrir. Hefði hann verið fenginn til þessa af öldruðum karlmanni sem hann síðar nafngreindi sem Sigfús og með honum hefði verið annar maður, sem hefði verið hávaxnari og „smá blindur“. Ákærði kvaðst hafa verið milliliður og málið snerist um innflutning á bifreið en ekki fíkniefnum. Ákærði lýsti því að bifreiðin hefði verið í Belgíu og hann hefði þar sett sig í samband við eigandann. Þegar bifreiðin hefði verið tilbúin til afhendingar hefði hann verið í sambandi við mennina tvo, þ.e. meðákærðu Sigfús og Baldur. Ákærði kvað þann „eldri“ hafa verið einan með sér þegar þeir fóru og keyptu bifreiðina en sá hávaxnari hefði ekki verið með í för. Ákærði kvaðst svo hafa hitt mennina tvo aftur á Íslandi, í [...], og óskað þeim til hamingju með bifreiðina. Ákærði kannaðist í fyrstu ekki við að hafa „tjakkad“ bifreiðina upp við [...] að kvöldi 24. október 2024, en sagðist svo hafa verið „obsessed við bílinn“ vegna áhuga og hefði verið að kíkja á pústið sem hefði verið komið inn í bifreiðina, en hefði verið undir henni þegar hann skoðaði hana í Belgíu. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað hvar fíkniefnin hefðu verið geymd. Ákærði lýsti því að hann hefði verið að vinna á [...] með ákærða Sigurði þegar sá síðar efndi hefði beðið ákærða um að fara með sér að sækja bifreiðina. Hefði meðákærði Sigurður sagt að annar aðili, „X“, hefði beðið hann um að sækja bifreiðina. Borin voru undir ákærða samskipti hans við aðra sakborninga en hann neitaði að tjá sig um þau. Þá var borið undir ákærða samtal hans við meðákærða Sigurð þar sem ákærði benti þeim síðarnefnda á hvar fíkniefnin væru undir bifreiðinni og sagði ákærði að þetta samtal hefði aldrei átt sér stað. Ákærði viðurkenndi hins vegar að hafa haldið á tösku, sem meðákærði Sigurður hefði rétt sér, inn í hesthúsið. Í síðustu skýrslutöku af ákærða, 29. nóvember 2024, var honum sýnt myndskaið þar sem framangreind samskipti heyrast á upptöku og kvaðst ákærði þá hafa verið að benda meðákærða Sigurði á hvar bifreiðin væri biluð.
23. Ákærða Elsa gaf skýrslu hjá lögreglu 25. og 30. október 2024 með réttarstöðu sakbornings. Í aðalatriðum var framburður hennar á þá leið að hún kvaðst ekki hafa vitað af innflutningi fíkniefnanna. Kvaðst ákærða hafa verið í hesthúsinu og hefði hleypt hestunum út, farið í að laga hlið og svo að hreinsa hrossastíur. Þegar borið var undir ákærðu

að hún hefði beðið í bifreið sinni þar til ákærði Sigurður kom kvaðst hún hafa verið að laga á sér augabrúnirnar og hefði verið lengi að því. Þá kvaðst ákærða hafa séð þarna Daimler-bifreiðina í fyrsta skipti og hefði eingöngu vitað að þeir ætluðu að lyfta bifreiðinni upp, en ekki annað. Ákærða kvaðst hafa sótt verkfærasett fyrir meðákærðu og svo hefði hún farið inn í hesthúsið með svarta verkfæratösku og ákærði Agurim hefði tekið við henni. Skömmu síðar hefði lögregla komið og handtekið þau. Ákærða neitaði að hafa vitað af fíkniefnum undir bifreiðinni og kvað meðákærða Sigurð ekki hafa sagt sér að hann ætti von á fíkniefnum til landsins. Í síðari skýrslu sinni hjá lögreglu, 30. október 2024, kvaðst ákærða ekki hafa haldið á fíkniefnum inn í húsið en kvað meðákærða Sigurð hafa rétt sér „svarta tösku, eða svona poka“, sem hún hefði haldið á inn. Kvaðst ákærða aldrei hafa verið með nein fíkniefni „berum höndum“. Kvað hún töskuna sem hún hefði haldið á inn hafa verið „svona lítil svört“ og sýndi svo stærð töskunnar með því að setja lófa sína næstum alveg saman.

24. Ákærði Y gaf skýrslu hjá lögreglu 25. október og 6. nóvember 2024 með réttarstöðu sakbornings. Í aðalatriðum var framburður ákærða á þá leið að hann kvaðst ekki vita neitt um málið, annað en að meðákærðu Baldur og Sigfús hefðu flutt inn umrædda bifreið sem nota hefði átt í kvikmyndaverkefni og hefðu þeir átt að fá 500.000 krónur hvor í sinn hlut. Kvaðst ákærði vera heimilislaus og hafa upp á síðkastið fengið að halda til í bifreið ákærða Sigfúsar með þeim ákærða Baldri. Ákærði staðfesti að hafa farið tvisvar með meðákærðu í Þorlákshöfn, annars vegar vegna einhverra pappíra og hins vegar þegar bifreiðin var sótt. Ákærði kvaðst einungis hafa verið farþegi þegar Daimler-bifreiðin var sótt og flutt í [...] og ekki hafa vitað af fíkniefnum í henni. Í síðari skýrslu sinni hjá lögreglu, 6. nóvember 2024, kannaðist ákærði við samtal sem hann átti við meðákærða Baldur í bifreið ákærða Sigfúsar, þar sem rætt hefði verið um fíkniefni en sagði að ákærði Baldur hefði aðeins sagt hvað hann grunaði að væri í bifreiðinni. Þetta hefði verið í eina skiptið sem hann hefði heyrt talað um fíkniefni. Ákærði kvaðst ekki tengjast málinu neitt og hefði verið áfram í bifreiðinni því hann hefði ekki átt í nein hús að venda.

### III

*Matsgerð varðandi ákærða Sigfús*

25. Eins og að framan greinir lagði verjandi ákærða Sigfúsar fram matsbeiðni þar sem farið var fram á að dómkvaddur yrði matsmaður til að leggja mat á þroska, greind og geð-ástand ákærða, m.a. m.t.t. þess sem kemur fram í sjúkraskrá ákærða um að hann sé með [...] og þjáist af [...], og enn fremur svara nánar tilgreindum matsspurningum í sex liðum.
26. Í matsgerð M geðlæknis, dags. 17. mars 2025, kemur fram að sumarið 2024 hafi komið upp áhyggjur af [...] mögulega [...]. Við myndgreiningar á síðasta ári hafi verið grunur um [...] og rætt um mögulega byrjandi [...]. Í viðtölum matsmanns við ákærða og samkvæmt upplýsingum frá fangavörðum og úr sjúkraskrá sé áberandi [...]. Nokkur vandi sé að fá persónusögu frá ákærða, hún sé gloppótt og hafi á sér þann blæ að það sé nokkur tilviljun hvað ákærði segi, líkt og um spuna sé að ræða. Þetta sjáist stundum í áfengistengdum [...] sem geti skánað þegar frá líði í allt að ár, haldist edrúmenska. Þetta fái stuðning í því að [...]próf sem lagt hafi verið fyrir ákærða í febrúar 2025 hafi verið eðlilegt, en svo hafi ekki verið þegar það var lagt fyrir á [...] Landakots í október 2024. [...] ákærða styðji hins vegar að um geti verið að ræða byrjandi form af [...] og myndgreiningar staðfesti töluverða [...], en ekki sé tímabært að ljúka nákvæmari greiningu.
27. Í matsgerðinni kemur enn fremur fram að ákærði hafi verið mjög illa staddur félagslega sl. haust, með merki um [...], og að staða hans hafi verið viðkvæmari vegna stöðugar áfengisneyslu. Ákærði átti sig hins vegar á því, eftir nokkurra mánaða dvöl í gæsluvarðhaldi, að það sé ámælisvert að eiga þátt í að flytja inn vímuefni og að það leiði til refsingar. Hann telji sig hins vegar ekki hafa vitað af efnunum fyrr en eftir á, þótt hann hefði verið farið að gruna eitthvað þegar liðið hefði á ferlið. [...].
28. Í helstu niðurstöðum matsgerðarinnar kemur fram að framangreindir þættir geti truflað dómgreind og getu einstaklings til að nýta sér dómgreind sína til að [...] og meta hvað sé rétt og rangt. Enn fremur sé ljóst að sumarið og haustið 2024 hafi ástand ákærða verið með þeim hætti að hann hafi vegna [...] átt erfitt með að meta aðstæður sínar og þannig hafi hann verið auðveldlega leiðitumur til verka sem hann í grunninn viti að séu ekki réttir. Ekki verði séð að ákærði hafi tilhneigingu til að þóknast öðrum heldur hafi frekar verið um það að ræða að ákærði hafi vegna framangreindrar bágrar stöðu sinnar ekki haft þrek og getu til að segja nei í samræmi við það sem hann í raun telji rétt. [...].
29. Matsmaður telji ljóst að þótt ákærði hafi verið [...] vegna heilsu sinnar og [...] þegar atburðir málsins áttu sér stað verði ekki ráðið af gögnum eða lýsingu ákærða að hann

hafi verið alls ófær um að stjórna gjörðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt gögnum hafi líðan ákærða og færni hans á þessum tíma auk þess verið lituð af nokkurri áfengisneyslu. Þá sé enn fremur ljóst að ákærði skilji, þrátt fyrir [...]sína, orsök og afleiðingu komi til sakfellingar hans. Þegar dvöl ákærða í fangelsi nú sé höfð til hliðsjónar verði að ætla að refsing geti borið árangur í skilningi 16. gr. almennra hegningarlaga.

#### IV

##### *Skýrslur fyrir dómi*

##### 1.

30. Ákærði *Sigurður* greindi m.a. frá því að komið hefði verið að máli við hann um hvort hann væri tilbúinn að vera skráður móttakandi á bifreið sem átti að flytja til landsins. Ákærði kvaðst ekki vilja upplýsa hver hefði komið að máli við hann um þennan innflutning og kvaðst hann á þessu stigi ekki hafa vitað nákvæmlega hvað átti að flytja inn í bifreiðinni. Nánar aðspurður kvaðst ákærði svo hafa vitað að það ætti að flytja inn efni í bifreiðinni, en hann hefði haldið í fyrstu að það ætti að vera „læknadóp“ og síðar svaraði hann aðspurður að hann hefði haldið að efnin væru amfetamín. Ákærði hefði síðan rætt við meðákærða Baldur sem hefði verið reiðubúinn í verkið og hann hefði svo beðið meðákærða Sigfús um að vera skráður móttakandi bifreiðarinnar. Kvað ákærði þetta hafa átt að vera einu aðkomu sína að málinu og hann hefði ekki á nokkurn hátt komið að fjármögnun innflutningsins, hvorki á bifreiðinni né fíkniefnunum. Ákærði hefði verið mjög peningalítill á þessum tíma og hefði hann átt að fá greitt fyrir þetta 3.000.000 króna og af því hefði hann átt að greiða meðákærða Baldri 1.000.000 króna. Ákærði Baldur hefði svo væntanlega samið við ákærða Sigfús um hans hlut af því.
31. Ákærðu Baldur og Sigfús hefðu farið utan til að sjá um kaupin á bifreiðinni og þar ytra hefði einnig verið meðákærði Agurim. Þeir hefðu lent í vandræðum úti og ákærði Baldur hefði haft samband við ákærða þegar hann var á Ítalíu, þar sem hann hefði misst af flugi til Belgíu og hefði ákærði aðstoðað hann við að útvega flug þangað. Ákærði Baldur hefði svo týnst þar og einnig misst af fluginu heim. Áfengisneysla ákærða Baldurs hefði verið vandamál ytra og meðákærðu Agurim og Sigfús verið í símasambandi við ákærða um að tala um fyrir ákærða Baldri, sem hefði gengið illa. Ákærði kvaðst ekki vita hvernig meðákærðu hefðu útvegað bifreiðina en hann hefði lesið um það í gögnum málsins.

32. Ákærði kvaðst ekki muna hvenær hann hefði heyrt í meðákærðu eftir að þeir komu til landsins, en ákærði Baldur hefði nokkrum sinnum haft samband þar sem hann hefði vantað peninga til að framfleyta sér og kvaðst ákærði hafa látið hann hafa smærri upphæðir. Ákærði kvað meðákærða Baldur aldrei hafa rætt við sig um að það vantaði fé til þess að leysa bifreiðina út úr tolli. Hins vegar kvaðst ákærði hafa rætt það við meðákærða Agurim og kvaðst ákærði hafa fengið að láni 250.000 krónur svo unnt væri að leysa út bifreiðina. Þessa fjármuni hefði hann fyrst lagt inn á sinn reikning, síðan millifært þá yfir á reikning nafngreindrar konu sem hefði svo millifært þá inn á reikning meðákærða Sigfúsar.
33. Nánar hvað varðar atvik 25. október 2024 í hesthúsinu í [...] og aðdraganda þess að hann tók fíkniefnin undan bifreiðinni greindi ákærði frá því að hann og meðákærði Agurim hefðu verið að vinna á [...] þennan dag. Ákærði Agurim hefði hringt í ákærða og beðið hann um aðstoð við að losa efnin og kvaðst ákærði halda að það væri vegna þess að hann kann til verka. Kvaðst ákærði einungis hafa lesið um það í gögnum málsins að meðákærði Agurim hefði reynt að losa efnin deginum áður í [...]. Þeir hefðu svo farið með bifreiðina frá [...] og í hesthúsið sem [...] ákærða eigi, því hann hefði ekki haft neinn annan stað til að gera þetta. Þar hefði hann farið í að skrúfa efnin undan bifreiðinni og hefði meðákærði Agurim bent sér á hvar hann ætti að skrúfa, því ákærði hefði ekki vitað hvar efnin hefðu verið geymd. Kvað ákærði að konan sín, meðákærða Elsa, hefði einnig verið í hesthúsinu og hann hefði í einhverju óðagoti beðið hana um aðstoð, m.a. að láta sig hafa tjakk. Kvaðst ákærði fyrst hafa rétt meðákærða Agurim pakkningar, sem hefðu verið „löðrandi í olíu“, og svo hefði ákærði verið með tösku undan borvél sem hann hefði sett pakkningu í og rétt meðákærðu töskuna og beðið hana um að fara með hana inn. Meðákærða Elsa hefði ekkert vitað hvað væri í töskunni og örugglega haldið að þetta væru „einhverjir bílavarahlutir“. Ákærði kvaðst aðspurður efast um að meðákærða Elsa hefði séð hann setja efnin í töskuna sem hún fór með inn í hesthúsið, því þetta hefði gerst svo hratt. Ákærði kvað töskuna sem um ræddi vera svarta, ferkantaða og með rennilás ofan á og kvaðst hann hafa lokað rennilásnum áður en hann afhenti hana meðákærðu. Þá ítrekaði ákærði að þetta hefði ekki litið út eins og efni þegar þau komu undan bifreiðinni því þau hefðu verið „löðrandi í olíu“. Ákærði kvað að það væri sérstök stífa í hesthúsinu sem þau notuðu undir drasl sem ekki færi í ruslatunnuna og hann hefði átt við þá stíu þegar hann sagði meðákærðu Elsu að setja þetta „í skítinn“, eins og heyrðist á upptöku. Loks kvaðst ákærði ekki vita hvernig efnin hefðu endað í

tösku undir rúmi hans á efri hæð hesthússins, enda hefði hann verið nýkominn inn þegar lögregla kom á svæðið.

34. Spurður út í framburð sinn hjá lögreglu um að meðákærða Elsa hefði örugglega áttað sig á því að það væru fíkniefni í bifreiðinni þegar hún bar efnin inn, þar sem þau hefðu verið innpökkuð í „selló“ og að þetta hefði verið „augljóst mál“, kvaðst ákærði ekki hafa átt við að það hefði verið augljóst fyrir meðákærðu að um fíkniefni hefði verið að ræða. Kvaðst ákærði hafa „talað mjög hratt í þessari skýrslutöku“ og hann hefði átt við að olía hefði verið „utan á þessu“. Ákærði var spurður út í upptöku af símtali milli hans og meðákærða Sigfúsar 24. október 2024, þar sem m.a. kom fram að ákærði væri í fríi og vinur hans myndi láta þá fá heimilisfangið þangað sem fara ætti með bílinn, og kvað ákærði að umræddur vinur væri meðákærði Agurim. Frekar spurður um hvað hann hefði átt við með að hann ætlaði að „græja pening á morgun eða hinn“ kvaðst ákærði ekki hafa átt við að peningurinn kæmi frá sér, heldur einungis að þá von væri á peningum. Þá var ákærði spurður út í símtal milli hans og meðákærða Baldurs þennan sama dag, þar sem meðákærði hefði rætt um hnakka sem væru „klárir þannig að við getum farið að keppa“. Ákærði kvaðst hafa spurt meðákærða út í þetta síðar og hann hefði sagt að hann hefði viljað sýna ákærða hnakka, en símtalið hefði þó snúist um að meðákærða Baldur hefði vantað pening til að lifa og ákærði hefði lánað honum pening. Frekar spurður út í símtal sem átti sér stað milli ákærða og meðákærða Baldurs þremur mínútum eftir fyrra símtalið, þar sem ákærði bað meðákærða um að taka alla síma og hreinsa út af „history“ og jafnvel gera „factory reset“, kvaðst ákærði hafa verið í allt of miklum samskiptum vegna málsins, mun meira en lagt hefði verið upp með, og hann hefði því viljað „hreinsa þetta“. Aðspurður hvort ákærði hefði skilið samtalið um hnakkana á þann veg að þar væri átt við bifreiðina sem flutt var inn kvaðst ákærði ekkert hafa velt þessu fyrir sér.

2.

35. Ákærði *Sigfús* bar ítrekað fyrir sig minnisleysi í skýrslu sinni fyrir dóminum. Hann greindi m.a. frá því að hann hefði ekkert vitað um fíkniefnin og kvaðst aðspurður ekkert vita um málið. Ákærði kvaðst muna eftir að hafa farið til útlanda með ákærða Baldri og þeir hefðu hitt ákærða Agurim úti. Tilgangur ferðarinnar hefði verið að kaupa þessa bifreið og hefðu þeir gert það einhvers staðar í Belgíu. Bifreiðin hefði komið með skipi til Íslands en ákærði kvaðst ekki vita hvernig hún hefði verið flutt frá Belgíu til Hollands. Ákærði kannaðist við að bifreiðin hefði verið skráð á sitt nafn og kvaðst ekki vita af

hverju. Kvaðst ákærði ekki muna hver var eða hefði átt að vera raunverulegur eigandi bifreiðarinnar. Þá kvaðst hann ekki muna hvort hann hefði átt að fá eitthvað fyrir þetta og mundi ekki heldur af hvaða tegund bifreiðin var.

36. Ákærði kvaðst muna eftir að hafa sótt bifreiðina til Þorlákshafnar og hefði hann örugglega verið með ákærða Baldri og minnti að þeir hefðu bara verið tveir. Sérstaklega aðspurður um hvort meðákærði Y hefði verið með þeim kvaðst hann ekki muna það en svo kynni að vera. Aðspurður kvað ákærði að þeir hefðu þurft að greiða eitthvað þegar þeir sóttu bifreiðina og kvaðst hafa gert það. Hann hefði ekki átt peninginn en kvaðst ekki muna hver hefði millifært á hann fyrir greiðslunni. Ákærði kvað þá hafa farið með bifreiðina í [...] og nánar aðspurður taldi hann að það hefði verið í [...] og Agurim hefði tekið við bifreiðinni þar. Ákærði kvaðst ekki muna hvort þeir meðákærðu Baldur hefðu eitthvað talað saman um bifreiðina og hvað þeir ættu að fá mikið greitt fyrir að flytja hana inn. Sérstaklega aðspurður um hvort einhver hefði talað við ákærða um að það væru fíkniefni í bifreiðinni svaraði ákærði því ákveðið neitandi og kvaðst ekki hafa haft hugmynd um það. Kvaðst ákærða ráma aðeins í að rætt hefði verið um að nota ætti bifreiðina í kvikmyndaverkefni.

### 3.

37. Ákærði *Baldur* gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað og greindi frá því að hann hefði farið út til þess að flytja inn bifreið og hefði hann margoft flutt inn ýmis farartæki fyrir sjálfan sig og aðra. Kvað ákærði að meðákærði Sigurður hefði beðið sig um að fara og sækja bifreiðina og meðákærði Sigfús hefði farið með honum, en þeir hefðu verið í erfiðum aðstæðum á þessum tíma og því litist vel á að fara. Þeir hefðu kostað ferðina að mestu leyti sjálfir en meðákærði Sigfús hefði átt að fá greiddar 500.000 krónur fyrir þetta og ákærði hefði átt að fá helminginn af því. Ákærði kvaðst ekki vita hvort meðákærði Sigurður hefði ætlað að greiða þeim fyrir innflutninginn, en hann hefði fengið þá í verkið.
38. Ákærði lýsti hrakningum sem hann lenti í á Ítalíu, en hann hefði orðið fyrir líkamsárás á brautarstöð, lent á sjúkrahúsi og þeir meðákærði Sigfús orðið viðskila. Ákærði hefði svo komið sér sjálfur til Belgíu og þar fundið meðákærða Sigfús. Þeir hefðu hitt „höndlarann“ sem hefði kallað sig Johnny og kvaðst ákærði telja að það væri meðákærði Agurim. Ákærði væri hins vegar lögblindur, hefði tapað gleraugum sínum í árásinni á Ítalíu og því ekki séð manninn vel. Þegar ákærði kom til Belgíu hefði meðákærði Sigfús þegar verið búinn að ganga frá kaupunum á bifreiðinni og kvaðst ákærði rétt hafa séð

bifreiðina úr fjarlægð þegar henni var komið fyrir á flutningabifreið. Kvað ákærði það hafa verið sitt hlutverk að bifreiðin kæmist alla leið til Íslands. Þeir meðákærði Sigfús hefðu verið í sambandi við Smyril Line í Rotterdam um flutninginn á bifreiðinni og að því loknu hefðu þeir getað flogið heim.

39. Eftir að heim var komið hefði ákærði verið í sambandi við „höndlarann“ sem ákærði hefði talið að væri enn úti. Kvaðst ákærði hafa fylgt því eftir að greiddir væru skattar og tollar af innflutningnum og hefði „Johnny“ yfirleitt séð um að millifæra á meðákærða Sigfús. Þeir hefðu svo farið og sótt bifreiðina og flutt hana í [...] þar sem hún hefði verið afhent „Johnny“. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa vitað af fíkniefnum í bifreiðinni og kvaðst ekki muna eftir að það hefði hvarflað að sér. Hefði ákærði séð auglýst eftir eldri bifreiðum fyrir kvikmyndaverkefni og bifreiðin hefði verið að fara í þetta kvikmyndaverkefni, enda kjörin til þess. Þá kvað ákærði algjörlega útilokað að meðákærði Sigfús hefði vitað af fíkniefnum í bifreiðinni, en ákærði kvaðst hafa sagt honum að nota ætti bifreiðina í kvikmyndaverkefni. Aðspurður kvað ákærði meðákærða Sigfús ekki hafa verið í sambandi við meðákærðu Sigurð og Agurim um skipulagningu og framkvæmd kaupanna á bifreiðinni, en hann kvaðst þó ekki vita hvað hefði farið fram á meðan hann hefði verið fastur á Ítalíu. Ákærði kvaðst hins vegar hafa séð um öll samskipti við flutningafyrirtækið varðandi greiðslur tolla og gjalda og fyrir flutninginn.
40. Ákærði neitaði því aðspurður að hafa tekið við peningum á barnum [...] en kvað sig ráma í að hafa verið beðinn um að hitta meðákærða Agurim í [...]. Hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir að hafa farið þarna inn en kvað sig minna að hann hefði bara farið inn á barinn til að tala við meðákærða Agurim og hann hefði ekki tekið við neinum peningum þar. Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita hvaðan meðákærði Sigfús hefði fengið 500.000 krónurnar sem þeir hefðu lagt inn á reikning hans í hraðbanka skömmu eftir fundinn á [barnum], en taldi mögulegt að einhver hefði rétt meðákærða Sigfúsi peningana. Aðspurður hvort sér hefði ekki komið á óvart að meðákærði Sigfús, sem á þessum tíma hefði verið í erfiðri félagslegri stöðu, væri kominn með 500.000 krónur í reiðufé til þess að borga fyrir innflutning bifreiðarinnar kvaðst ákærði ekki geta giskað á hvað hefði komið sér á óvart og kvaðst ekki muna eftir að hafa spurt meðákærða Sigfús út í peningana. Þá kvaðst hann ekkert hafa fylgst með meðákærða Sigfúsi á meðan hann sjálfur hefði setið „inni á þessum [bar]“. Þegar borið var undir ákærða símtal sem átti sér stað 23. október 2024 milli ákærða og meðákærða Agurim, þar sem þeir ræddu um þá peninga sem þyrfti að greiða til þess að leysa bifreiðina úr tollinum, og nefndu m.a.

500.000 krónur í því sambandi, kvaðst ákærði telja að upptaka af þessu símtali gæfi til kynna hvað væri rétt í málinu.

41. Ákærði kvað meðákærða Y ekkert hafa haft með innflutninginn á bifreiðinni að gera. Meðákærði Y hefði verið heimilislaus á þessum tíma og ákærði því boðið honum að vera með þeim Sigfúsi í bifreið þeirra. Eina aðkoma meðákærða Y hefði verið sú að hann hefði verið farþegi í bifreiðinni með þeim meðákærða Sigfúsi þegar Daimler-bifreiðin var sótt til Þorlákshafnar. Ákærði kvaðst ekki muna eftir samræðum milli sín og meðákærða Y í bifreið þeirra þar sem þeir hafi rætt um að fíkniefni væru í bifreiðinni sem var flutt inn og kvaðst því ekki geta tjáð sig um það samtal.

4.

42. Ákærði *Agurim* greindi frá því að tveimur til þremur dögum áður en hann fór út til Belgíu hefði verið hringt í hann og hann beðinn um að finna bifreið fyrir kvikmynd. Hefði ákærða verið sagt að fara með tilteknum manni og leiðbeina mannum um tegund og árgerð bifreiðarinnar. Ákærði hefði átt að aðstoða við kaupin á bifreiðinni og fá greiddar 500.000 krónur fyrir og þetta hefði átt að vera hans eina hlutverk. Ákærði kvaðst hafa samþykkt þetta þar sem hann hefði verið blankur og verið með fjölskyldu á framfæri þar sem hann væri eina fyrirvinnan. Ákærði kvaðst ekki vilja tjá sig um hver hefði beðið hann um þetta og kvað það vera vegna öryggis síns og fjölskyldu sinnar. Greindi ákærði frá því að barnsmóðir hans hefði flutt út til [...] með dóttur þeirra eftir að ráðist hefði verið á ákærða í fangelsinu á Litla-Hrauni, en ákærði hefði verið kinnbeinsbrotinn í árásinni. Kvað ákærði þetta hafa verið skilaboð til sín frá þeim sem fengu hann í verkið svo hann myndi ekki segja frá.

43. Ákærði greindi frá því að hann hefði hitt meðákærðu Sigfús og Baldur úti. Kvað hann meðákærða Baldur hafa mætt seinna og því hefðu ákærði og meðákærði Sigfús farið saman til þess að ganga frá kaupum á bifreiðinni. Meðákærði Sigfús hefði greitt fyrir hana enda kvaðst ákærði ekki hafa haft fé með sér. Ákærði hefði svo flogið heim daginn eftir. Kvaðst hann hafa farið og hitt X, sem bað hann um að fara utan, til þess að fá greitt fyrir vinnuna. X hefði þá sagt að vinnan væri ekki búin og að ákærði myndi ekki fá greitt fyrr en svo væri. Kvaðst ákærði hafa upplifað þetta sem hótun af hálfu X og hefði látið gott heita að sinni. Hefði ákærði verið að bíða eftir að bifreiðin kæmi til landsins því þá taldi hann að hann fengi greitt.

44. Ákærði kvaðst nokkrum dögum seinna hafa hitt meðákærða Baldur ásamt X og hefði ákærði spurt hvað væri að fréttu af bifreiðinni. Þeir X hefðu farið að rífast og X hefði þá

sagt ákærða að það væru fíkniefni í bifreiðinni og nú væri ákærði „partur af þessu“. Honum hefði verið sagt að vera í samskiptum við meðákærðu Baldur og Sigfús og hefði ákærði verið orðinn úrkula vonar um að hann fengi greitt fyrir verkið. Ákærði hefði svo fengið skilaboð frá X um hvernig hann ætti að leiðbeina meðákærða Baldri varðandi næstu skref og hefði ákærði þannig verið tengiliður milli X og meðákærða Baldurs. Kvaðst ákærði hafa fengið síma frá X til þess að vera í samskiptum við Baldur í þessu skyni. Ákærði kvaðst ekki hafa þorað að skýra frá þessu í skýrslutökum hjá lögreglu.

45. Ákærði greindi frá því að hann hefði tekið á móti bifreiðinni í [...] og kvaðst hafa verið beðinn um það af X að reyna að ná fíkniefnunum undan bifreiðinni, en það hefði ekki tekist. Aðspurður um hvernig X hefði haft samband við hann kvaðst ákærði alltaf hafa farið og hitt X í eigin persónu. Aðspurður hvort X væri á meðal ákærðu í málinu neitaði ákærði að tjá sig um það. Aðspurður hvort hann hefði beðið meðákærða Sigurð að aðstoða sig við að ná efnunum undan bifreiðinni kvaðst ákærði ekki vilja svara því, heldur eingöngu vilja tjá sig um sinn þátt. Ákærði kvað X hafa sýnt sér með myndum hvar efnin væru falin undir bifreiðinni og þess vegna hefði ákærði getað bent meðákærða Sigurði á það. Hefði X greint sér frá því að efnin væru „spítt“ og „pillur“. Ákærði kvaðst hafa tekið við efnunum og farið með þau inn í hesthúsið í tösku. Nánar aðspurður kvaðst hann hafa tekið allt sem var í bifreiðinni og sett töskuna með efnunum undir rúm í herbergi á 2. hæð hesthússins.
46. Ákærði kvaðst aðspurður kannast við að hafa hitt meðákærða Baldur í [...] og hefði Baldur verið „rosalega fullur“. Ákærði neitaði því að hafa látið meðákærða Baldur fá peninga á barnum, hann kvaðst hafa farið á salerni þegar þeir komu inn og því ekki vita hvort meðákærði Baldur hefði fengið afhenta peninga. Ákærði kannaðist við að hafa átt símtöl við meðákærða Baldur um að það vantaði fé fyrir gjöldum og flutningi bifreiðarinnar. Kvaðst ákærði hafa sagt X að vera í sambandi við meðákærða Baldur en neitaði að tjá sig um hvort X hefði verið inni á [...] umrætt sinn. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki vita hvort X hefði einnig verið á barnum, en kvað ákærða Baldur hafa verið farinn þegar ákærði kom út af salerninu.

## 5.

47. Ákærði Y greindi frá því að hann hefði misst húsnæði sitt og ákærðu Baldur og Sigfús hefðu boðið honum að vera í bílnum með þeim. Kvaðst ákærði vera fatlaður og ekki hafa talið sig eiga annarra kosta vól á þessum tíma. Ákærði kvaðst ekki eiga neina aðkomu að innflutningi Daimler-bifreiðarinnar eða haft með þau fíkniefni að gera sem

flutt voru inn í bifreiðinni. Ákærði kvað meðákærðu hafa talað um að nota ætti bifreiðina í kvikmyndaverkefni og því þyrfti að ná henni út úr tollinum.

48. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir samtali sínu við meðákærða Baldur 24. október 2024 þar sem rætt sé um fíkniefni í Daimler-bifreiðinni, en kvað það ekki hljóma neitt ólíklega að hann hafi svarað meðákærða á þann veg að bíllinn væri „fullur af dópi“. Hann hafi verið að „spila með vitleysunni“ en ákærði Baldur hefði verið mjög drukkinn og ákærði hefði tekið samtölin við hann „mjög mátulega alvarlega“ og bara spilað með því sem hann hefði sagt hverju sinni án þess að spá mikið í út á hvað það gekk. Aðspurður um það þegar meðákærði Baldur hefði sagst vita hvað væri í bifreiðinni og það væru „6 kíló af ís“ og ákærði heyrðist spyrja „Crystal Meth?“ kveðst ákærði greinilega hafa verið að skjóta út í loftið, hann hefði verið að spyrja meðákærða og hefði sjálfur ekki „vitað neitt“.
49. Aðspurður um hvort hann hefði heyrt meðákærðu ræða eitthvað um kostnaðinn við að leysa bifreiðina út kvaðst ákærði telja að þetta hefði verið „bara eitthvað klúður frá a til ö“ og þetta hefði verið „einn stór farsí“. Ekki hefði verið búið að greiða þessi gjöld og taldi ákærði að meðákærði Baldur hefði fengið eitthvað lánað fyrir þessu. Kvað ákærði þetta ekki hafa komið sér neitt við og hann hefði ekki haft neitt annað að gera en að „hanga þarna aftur í“. Aðspurður um hvort ekki hefði hvarflað að honum að meðákærði Baldur væri að segja satt um að það væru fíkniefni í bifreiðinni kvað hann meðákærða Baldur hafa verið búinn að segja svo margt og ákærði hefði ekkert beðið hann um nánari útskýringar. Ákærði kvaðst hafa verið þakklátur fyrir að fá að vera í bílnum með meðákærðu og hann hefði ekki getað annað en verið kurteis, enda hefði hann ekki átt í nein hús að vernda. Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu um að sig hefði verið farið að gruna að eitthvað væri skrítíð kvað ákærði stöðu sína ekki hafa boðið upp á að hann skipti sér af.

6.

50. Ákærða *Elsa* kvaðst hafa verið mikið í hesthúsinu mánuðina á undan og kvaðst sjá um húsið og hrossin fyrir [...]. Kvaðst ákærða umræddan dag þegar hún var handtekin hafa verið nokkuð lengi í bifreið sinni fyrir utan hesthúsið og hefði hún verið að „mála“ sig. Svo hefði meðákærði Sigurður komið með þessa bifreið og kvaðst hún hafa spurt hann um bifreiðina og hefði Sigurður svarað að hann væri að fara að gera við hana. Ákærða hefði haldið áfram að sinna sínu en svo hefðu þeir meðákærðu Sigurður og Agurim beðið sig um að rétta þeim topplyklasett, sem hún hefði sótt í Caddy-vinnubíl og rétt

þeim það. Síðan hefði meðákærði Sigurður spurt hvort ákærða ætti tjakk sem hún kvaðst hafa rétt honum.

51. Ákærði Sigurður hefði síðan rétt ákærðu litla, svarta tösku og hún hefði haldið á henni inn í hesthúsið í flötum lófum sínum og þar hefði meðákærði Agurim strax tekið við henni. Ákærða neitaði aðspurð að hafa séð pakkningu með fíkniefnum, um hefði verið að ræða litla, svarta tösku sem ákærði Sigurður hefði rétt henni og hefði þetta ekki verið sérstaklega þung byrði. Eftir að upptaka var spiluð var ákærða sérstaklega spurð á hverju hún héldi sem væri hvítt eða ljóst á litinn og sýndi ákærða þá á ný hvernig hún hefði haldið á töskunni og kvaðst halda að „hún hafi bara ekkert verið almennilega lokuð, þessi taska“. Aðspurð kvað ákærða hafa verið handföng á töskunni, en henni hefði verið rétt hún í flata lófana og því hefði hún haldið á henni þannig inn. Frekar aðspurð kvaðst ákærða ekki hafa séð neitt ljóst á litinn í töskunni. Eftir að upptakan hafði verið spiluð á ný kvaðst ákærða telja að hún hefði haldið á topplyklasetti, sem hefði verið ljóst á litinn, að bifreiðinni og hefði svo haldið á því einnig til baka.

52. Ákærða kvaðst ekki vita hvað ákærði hefði átt við þegar hann spurði hvort einhver væri að horfa áður en hann rétti henni fíkniefnin og kvaðst ekki muna sérstaklega eftir þessari spurningu. Sérstaklega aðspurð um hvað hún hefði haldið að væri í töskunni sagði ákærða að það síðasta sem henni hefði dottið í hug væru fíkniefni. Þá kvaðst ákærða ekki hafa heyrt þegar ákærði Sigurður sagði henni að setja þetta „í skítinn“. Aðspurð kvaðst ákærða hafa séð holu í einni stúnni en hún hefði ekki mokað hana og kvaðst ekki vita hver hefði gert það. Ákærða kvaðst ekki hafa haft neinn grun um að meðákærði Sigurður stæði í fíkniefnainnflutningi eða að hann hefði verið að fjarlægja fíkniefni úr bifreiðinni. Hún kvaðst þó aðspurð vita að hann ætti sögu um slíkt en það hefði verið fyrir sína tíð. Eftir á að hyggja kvaðst ákærða hafa tekið eftir að ákærði Sigurður hefði verið búinn að vera „rosalega tensaður“ og mjög erfiður í skapinu. Kvaðst ákærða hafa haldið að það tengdist morfínneyslu hans. Ákærða kvað það ekkert hafa verið óvenjulegt að sjá ákærða Sigurð gera við bifreiðir við hesthúsið og nokkrum dögum áður hefði hann t.d. verið að gera við Caddy-bifreiðina þarna.

7.

53. Vitni, *rannsóknarlögreglumadur C*, staðfesti þær skýrslur sem hann gerði í málinu, m.a. fyrrgreinda skýrslu miðlægrar rannsóknardeildar um rannsókn málsins, og gerði nánari grein fyrir rannsókninni. Í vætti vitnisins, sem var stjórnandi rannsóknarinnar, kom m.a. fram það sama og áður greinir í málavaxtalýsingu um upphaf rannsóknar og

rannsóknaraðgerðir lögreglu. Bifreiðin hefði verið flutt af hafnarbakkanum og í aðstöðu tollsins til leitar og á þeim tíma hefði málið enn verið á forræði tollsins. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið þátt í leitinni en hefði komið á staðinn eftir að búið var að staðfesta að fíkniefni væru í bifreiðinni og þá einkum til að skoða möguleika á því að koma fyrir gerviefnum. Vitnið kvað hin haldlögðu fíkniefni hafa verið tæplega 6 kíló af „Crystal Meth“ og að algengasti neysluskammtur væri 0,1 g. Aðspurður kvað vitnið verð á grammi vera um 35.000 krónur og þeir hefðu séð það á sölusíðunni Telegram á netinu. Tæknideildin hefði svo komið og tekið við fíkniefnunum.

54. Ákærðu Baldur og Agurim hefðu átt símtöl um hvað það ætti að kosta að leysa bifreiðina út úr tollinum og niðurstaða þeirra hefði orðið 500.000 krónur, sem Baldur hefði átt að sækja í [...] í [...]. Þeir hefðu svo hist við [...] og gengið saman inn á barinn og þá horfið sjónum lögreglu í um tvær mínútur. Baldur hefði svo komið út af barnum og farið aftur í bifreiðina og þeir ekið strax í hraðbanka þar sem 500.000 krónur hefðu verið lagðar inn á reikning ákærða Sigfúsar. Y hefði einnig verið með þeim í bifreiðinni en hann hefði ekkert farið út úr henni.
55. Daginn sem ákærðu sóttu Daimler-bifreiðina til Þorlákshafnar hefði átt sér stað samtal milli ákærðu Baldurs og Y í bifreiðinni sem þeir voru í þar sem þeir hefðu rætt um „ís“ og „Crystal Meth“. Þeir hefðu svo farið til Þorlákshafnar en þá hefði komið í ljós að það átti eftir að greiða 359.000 krónur fyrir flutninginn. Ákærðu Sigurður og Baldur hefðu náð að útvega þann pening með því að fá hann að láni frá tveimur aðilum. Aðspurður kvað vitnið að ákærðu hefðu ekki leitað til neins aðila sem hefði verið fyrir ofan þá til þess að greiða þetta sem upp á vantaði. Fyrir hafi legið að ákærði Agurim myndi gefa fyrirmæli um hvert ætti að fara með bifreiðina og bifreiðin hefði verið afhent honum í [...]. Ákærði Agurim hefði síðar þennan dag reynt að ná efnunum undan bifreiðinni og fengið lánuð verkfæri og tjakk hjá vini sínum í því skyni, en hann hefði ekki náð efnunum undan.
56. Daginn eftir hefðu ákærðu Sigurður og Agurim verið saman á [...] þar sem ákærði Sigurður hefði hringt úr „burner“-síma ákærða Agurim og útvegað dráttarbifreið til að flytja Daimler-bifreiðina frá [...] í hesthúsið í [...]. Þeir hefðu svo farið í hesthúsið og þar hefði Elsa beðið í sinni bifreið. Um leið og Daimler-bifreiðin hefði verið komin fyrir utan hesthúsið hefðu þau þrjú hafist handa við að „tjakka“ bifreiðina upp og hefðu þau m.a. safnað einhverju timbri til þess að setja undir bifreiðina. Ákærði Sigurður hefði farið undir bifreiðina og fengið leiðbeiningar frá ákærða Agurim um hvar efnin væri að

finna og hefði hann bent á tvo staði. Ákærði Sigurður hefði opnað hólfin og sótt efnin, a.m.k. úr öðru hólfinu, og ákærðu Agurim og Elsa hefðu borið þau inn í hesthúsið. Aðspurður kvað vitnið að ákærða Elsa hefði ekki haldið á tösku inn heldur hefði hún haldið á fíkniefnapakkningu sem hefði verið pakkað inn í plast. Það hefði verið ákærði Agurim sem hefði haldið á tösku inn í hesthúsið. Efnin hefðu svo greinilega verið sameinuð þar inni í töskunni sem hefði fundist inni í húsinu. Frekar spurður kvað vitnið að lögregla hefði ekki séð neina aðra tösku á vettvangi og að það sæist og heyrðist á myndbandsupptöku að ákærði Sigurður hefði sagt ákærðu að koma og svo rétt henni pakkninguna beint, en ekki sett efnin í tösku. Skömmu síðar hefði lögregla komið á vettvang og handtekið ákærðu.

57. Vitnið kvað rannsókn lögreglu hafa leitt í ljós að ákærðu Sigurður og Agurim hefðu virst gefa öðrum sakborningum fyrirmæli, en lögregla hefði ekki orðið vör við að einhver annar aðili hefði gefið ákærðu Sigurði og Agurim fyrirmæli. Hefðu þeir einkum gefið Baldri fyrirmæli sem svo hefði borið þau áfram til ákærða Sigfúsar. Lögregla hefði aldrei, þrátt fyrir að hafa fylgst stöðugt með ákærðu í gegnum símhlustanir, rýmishlustanir og skyggingar, orðið vör við að ákærðu Sigurður eða Agurim hefðu verið undir stjórn einhvers annars aðila.

8.

58. Vitnið, *lögreglufulltrúi D*, kvaðst hafa verið viðstaddur leit í Daimler-bifreiðinni og ljósmyndað efnin sem fundust. Vitnið staðfesti ljósmyndaskýrslu sína og einnig efnaskýrslu sem hann hefði gert ásamt öðrum lögreglumanni í tæknideild lögreglunnar. Vitnið kvað aðspurður að bráðabirgðaefnaskýrsla væri almennt með sama númeri og endanleg efnaskýrsla. Væri því um innsláttarvillu að ræða hvað varðar númerið á bráðabirgðaefnaskýrslunni, sem getið er um í ljósmyndaskýrslunni.

9.

59. Vitnið, *rannsóknarlögreglumaður E*, kvaðst hafa aðstoðað tollgæsluna við leit í Daimler-bifreiðinni. Hefði fyrst verið leitað í henni í Þorlákshöfn en bifreiðin svo verið flutt í aðstöðu tollsins í Reykjavík. Þar hefði leit verið haldið áfram og kvaðst vitnið hafa verið með tollgæslunni við þá leit í um tvo tíma, en þá farið heim. Skömmu síðar hefði hann fengið hringingu um að efnin hefðu fundist og hann þá farið í aðstöðu tollgæslunnar á ný með nokkrum lögreglumönnum og verið viðstaddur þegar efnin voru fjarlægð. Staðfesti vitnið skýrslu sína um leitina í bifreiðinni. Vitnið kvaðst einnig hafa verið viðstaddur tvær húsleitir, á heimilum annars vegar [...] og hins vegar [...] ákærða

Agurim, og staðfesti vitnið skýrslur sínar um þær. Kvað vitnið að í húsleit hjá [...] ákærða Agurim hefði fundist viðgerðarhandbók fyrir nákvæmlega eins bifreið og flutt var til landsins og hefði hún verið haldlögð.

10.

60. Vitnið, *lögreglumaður F*, staðfesti skýrslur sínar og gerði nánar grein fyrir aðkomu sinni að málinu. Í vætti vitnisins kom fram að hann hefði komið að handtöku ákærðu Baldurs, Sigfúsar og Y og einnig að leit í tveimur bifreiðum sem þeir hefðu haft til afnota. Kvað vitnið að leitað hefði verið gaumgæfilega í bifreiðunum tveimur og hefði ekkert sérstakt komið á óvart annað en að bifreiðarnar hefðu verið mjög óþrifalegar. Leitað hefði verið í skotti Toyota RAV4 bifreiðarinnar ([...]) og þar hefði m.a. fundist sími eftir leit í tösku. Ekki hefði fundist neinn hnakkur í bifreiðunum og hefði vitnið skrifað staðfestingarskýrslu um það. Vitnið kvaðst hafa verið með búkmyndavél við leitina, en upptaka hennar hefði ekki varðveist. Þá kvað vitnið einn annan lögreglumann hafa verið með búkmyndavél.

11.

61. Vitnið, *G* [...], gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað og staðfesti og gerði nánar grein fyrir matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Í vætti vitnisins kom m.a. fram að um væri að ræða glæra kristalla sem væru hreint metamfetamín.

12.

62. Vitnið, *rannsóknarlögreglumaður H*, staðfesti og gerði grein fyrir skýrslu um leit í hesthúsinu [...] 25. október 2024. Ekki eru efni til reifunar á vætti vitnisins.

13.

63. Vitnið, *rannsóknarlögreglumaður I*, staðfesti tilvikaskýrslur um símhlustanir og ljósmyndaskýrslu um húsleit í hesthúsinu [...] 25. október 2024. Ekki eru efni til reifunar á vætti vitnisins.

14.

64. Vitnið, *rannsóknarlögreglumaður J*, greindi frá þátttöku sinni í húsleit í hesthúsinu [...] og staðfesti tilvikaskýrslur um hlustanir. Ekki eru efni til reifunar á vætti vitnisins.

15.

65. Vitnið, *rannsóknarlögreglumaður K*, kvaðst hafa verið viðstaddur leit í bifreiðinni sem flutt var til landsins, auk þess sem hann hefði tekið framburðarskýrslur af einhverjum ákærðu og vitnum. Ekki eru efni til reifunar á vætti vitnisins.

16.

66. Vitnið, *rannsóknarlögreglumaður L*, staðfesti húsleitarskýrslu um leit á heimili ákærðu Elsu 25. október 2024 og kvaðst einnig hafa tekið framburðarskýrslu af ákærða Y. Ekki eru efni til reifunar á vætti vitnisins.

17.

67. Vitnið, *M geðlæknir*, staðfesti matsgerð sína frá 17. mars 2025. Í vætti vitnisins kom m.a. fram að í grunninn væri ákærði Sigfús með greind og almennan þroska innan eðlilegra marka. Hann hefði hins vegar glímt við mikla og langvarandi áfengisneyslu og verið félagslega mjög illa staddur sl. haust. Áður en málið kom upp hefðu læknar haft áhyggjur af mögulega [...] ákærða og gerðar hefðu verið á honum töluverðar rannsóknir, m.a. myndrannsóknir sem hefðu sýnt [...]. Á þeim tíma hefði því verið grunur um mögulega byrjandi [...].

68. Vitnið hefði rætt við fangaverði sem hefðu haft áhyggjur af ákærða og fundist hann vera [...]. Í viðtölum vitnisins við ákærða hefði saga hans verið dálítið gloppótt milli viðtala, eins og stundum sé þegar um áfengistengd [...] sé að ræða. Þegar ákærði hefði verið í rannsóknum á [...] Landakots sl. haust hefði m.a. verið gert svo kallað [...] próf á honum sem hefði ýtt undir frekari skoðun. Þegar vitnið hefði gert [...] próf aftur á ákærða við matið í febrúar 2025 hefði það verið alveg eðlilegt og próf á hefðbundnum [...] prófum hefði verið nokkuð innan eðlilegra marka, m.a. hefði einfalt [...] próf verið nokkuð nærri „normal lagi“. [...] ákærða geti vel stutt að hann sé með [...] en mjög erfitt sé að gefa nákvæma greiningu á honum í dag og fullyrða að svo sé, þótt líffræðilegar og almennar vísbendingar séu um [...]. Ljóst sé þó að ákærði hefði verið mjög illa staddur félagslega sl. haust, hann hefði verið með [...] og [...] hefði verið til staðar miðað við lýsingar.

69. Þegar matið hefði farið fram hefði ákærði verið búinn að sitja í gæsluvarðhaldi í nokkra mánuði og hann hefði verið alveg meðvitaður um að þessi verknaður, að flytja inn fíkniefni, væri ámælisverður og til þess fallinn að leiða til refsingar. Ákærði hefði þó sagt að hann hefði ekki vitað um efnin fyrr en eftir á, en þá hefði hann farið að gruna þetta. [...]. Ákærði hefði þó verið meðvitaður um það í grunninn hvað hann væri að gera og vitað að þetta samræmdist ekki góðum siðum. Hann hefði því alls ekki verið ófær um að stjórna gjörðum sínum, en þær hefðu verið litaðar af langvarandi áfengisneyslu hans. Í dag væri nokkuð ljóst að ákærði skilji orsök og afleiðingu og verði hann fundinn sekur í málinu geti refsing borið árangur í hefðbundnum skilningi. [...]

70. Aðspurður hvort mat vitnisins hefði orðið annað hefði hann vitað af því við gerð matsins að ákærði hefur nú fengið formlega greiningu um [...] kvaðst vitnið ekki telja það.

Vitnið hefði líklega viljað bíða með greiningu á [...] í þrjá til sex mánuði. Þegar innflutningurinn hefði átt sér stað hefði ákærði verið í áfengisneyslu sem hefði haft áhrif á daglega dómgreind hans. [...] hans eða [...] á verknaðartímanum hefðu verið áfengistengd og betri útkoma ákærða úr [...]prófinu í febrúar sl. bendi til þess að færni hans og geta hefði orðið betri eftir því sem lengra hefði liðið frá því hann neytti áfengis. Vitnið taldi að von gæti verið til þess að ákærða færi meira fram á næstu mánuðum, en oft megi sjá ótrúlegar framfarir hjá mönnum allt upp í 18 mánuði eftir að áfengisneyslu sé hætt. Í tilviki ákærða séu vísbendingar um þetta þar sem hann hafi staðið sig betur á prófum í febrúar 2025 en í október 2024. Vitnið kvað, út frá þeim [...]prófum og rannsóknum sem gerðar hefðu verið á ákærða, að hann væri með væga [...] og að fólk með slíka [...] geti „fúnkerað“ í samfélaginu, en þá án áfengis. Þá kvaðst vitnið telja ákærða vera fullfæran um að vera í fangelsi.

71. Vitnið kvað ekki hægt að fullyrða, miðað við svör ákærða í dag og þau gögn sem liggja fyrir, að ástand hans hefði á verknaðartímanum verið þannig að hann hefði ekki gert sér grein fyrir muninum á réttu og röngu. Mögulegt sé að ákærði hafi ekki hugsað út í hlutina eða gaumgæft þá, en vitnið kvað mat sitt á getu ákærða til þess að greina á milli hvað væri rétt og rangt ekki breytast þótt farið væri aftur að verknaðarstundu. [...]

18.

72. Vitnið, N [...], greindi frá greiningu [...] á ákærða. [...]. Skýrði vitnið frá helstu einkennum sjúkdómsins [...].
73. Vitnið kvað það sitt mat að ákærði hefði verið kominn með einkenni [...] við fyrstu komu hans á [...] í október 2024. Þetta hefði m.a. verið metið út frá sögu hans nánasta aðstandanda sem hefði verið meðákærði Baldur. Einnig hefði verið lagt mat á ástand hans út frá [...]. Kvað vitnið að stundum væri reynt að ná tali af fleiri aðstandendum, en vitnið hefði ekki talið þörf á því með hliðsjón af því hvernig ákærði hefði komið fyrir. Þá hefði verið augljós breyting á færni og getu ákærða miðað við að hann hefði áður verið í vinnu og hjónabandi. Vitnið kvað [...]sjúkdóma þróast á löngum tíma, yfirleitt misserum eða árum, einkennin byrji vægt en aukist síðan. Erfitt sé þó að áætla hvernig getan hafi verið langt aftur í tímann.
74. Vitnið kvað algengt að dómgreind sjúklinga með þennan sjúkdóm væri skert og sömuleiðis getan til þess að átta sig á afleiðingum gjörða sinna. Kvaðst vitnið telja líklegt að þetta hefði átt við um ákærða þegar hann hefði hitt hann í október, hann hefði a.m.k. verið með mjög víðtæka [...]. Greindi vitnið frá því að meðallifun frá greiningu

sjúkdómsins væri um fimm ár, en slíkt væri breytilegt eftir einstaklingum. Flestir þyrftu á að halda vistun á heilbrigðisstofnun eða hjúkrunarheimili u.þ.b. tveimur til þremur árum eftir greiningu. Kvaðst vitnið telja að ákærði myndi flokkast á [...] greiningar og væri kominn af fyrstu stigum [...]. Kvað vitnið það sitt mat að ákærði þyrfti að vera á hjúkrunarheimili, því að til þess að geta verið í þjónustuíbúð þurfi að hafa lágmarksgetu til þess að sinna [...] og öðru slíku.

75. Aðspurður hvort vitnið teldi möguleika á frekari framförum hjá ákærða í kjölfar þess að hann hefur hætt áfengisneyslu kvað vitnið að oft sæjust framfarir í sex mánuði eða lengur eftir að fólk hætti mikilli áfengisneyslu. Það sé almenn vinnuregla hjá [...] að bíða með frekari rannsóknir ef fólk er í daglegri áfengisneyslu. Þó sé farið framhjá þeirri reglu séu einkenni orðin það mikil að ljóst sé að þau skýrist ekki að fullu af áfengisneyslunni, sem vitnið hafi talið eiga við um ákærða. Enn fremur hafi fremur lítilli áfengisneyslu verið lýst í fyrstu komu hans á [...]. Væri það mat vitnisins að einkenni ákærða skýrðust ekki eingöngu af [...], enda hefðu verið önnur einkenni, m.a. hefðu ummerki mælst í [...], sem hefðu stutt greiningu um [...]. [...]
76. Aðspurður kvað vitnið betri árangur ákærða á [...]prófi í febrúar 2025 geta bent til þess að honum gæti farið meira fram. Vitnið kvað ekki algilt að reyna þurfi á aðstoð í heimahúsi áður en sjúklingur fái pláss á hjúkrunarheimili. Það fari bara eftir mati á getu viðkomandi einstaklings og sé ekki eingöngu metið út frá þeirri þjónustu sem áður hafi verið veitt. [...]. Hann þurfi því væntanlega þéttara eftirlit en hægt sé að veita í þjónustuíbúð. Sérstaklega aðspurður um hvaðan þessi lýsing á högum ákærða hefði komið kvað vitnið það hafa verið frá Baldri sem hefði verið eini aðstandandinn sem [...] hefði rætt við.
77. Þegar borin var undir vitnið lýsing á því sem ákærði hefði verið fær um að gera í ferð sinni til útlanda haustið 2024, skömmu áður en hann kom fyrst á [...], kvað vitnið ákærða hafa þarna sýnt töluverða getu og að hann hefði kannski haldið að ákærði hefði átt að eiga í meiri vandræðum með að bjarga sér úti. Ákærði kvaðst aðspurður ekki þekkja til í fangelsum en það væri þó öruggt umhverfi að því leyti að þar væri starfsfólk sem væri til aðstoðar. Kvaðst vitnið telja að ákærði gæti alveg „fúnkerað“ í fangelsi eins og staðan væri í dag, en ekki sé hægt að segja til um hversu lengi svo verði. Vitnið kvaðst hafa rætt tvisvar við ákærða, í október 2024 og svo til þess að kynna honum niðurstöðu greiningarinnar, og kvaðst ekki hafa merkt breytingu á ákærða milli þessara

viðtala. Þó hefði vakið athygli hans hversu áhugalaus ákærði hefði verið um sjúkdómsgreininguna, eins og hann hefði ekki gert sér grein fyrir um hvað væri að ræða.

## V

### *Niðurstöður*

78. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 1. mgr. 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag á ákærvaldinu og verða þeir því aðeins sakfelldir að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. téðra laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.
79. Málsatvik eru að mestu óumdeild og á meðal helstu sönnunargagna eru samtímagögn með hljóðupptökum af samtölum ákærðu, myndbandsupptökum, ljósmyndum og upptökum af símtölum milli ákærðu, sem gefa nokkuð glögga mynd af atburðarásinni og hafa m.a. verið rakin að nokkru að framan. Þannig aflaði lögregla m.a. dómsúrskurða sem veittu heimild til þess að koma fyrir hljóð- og myndupptökubúnaði undir Daimler-bifreiðinni og enn fremur var komið fyrir hljóðupptökubúnaði í bifreið ákærða Sigfúsar sem hann og ákærðu Baldur og Y héldu til í. Hafði lögregla því fylgst náið með ferðum ákærðu allt frá því Daimler-bifreiðin kom til landsins 11. október 2024 og þar til þeir voru handteknir 25. október.

### *Ákæruliður I*

80. Ákærði Sigurður neitar sök samkvæmt ákæru og kvaðst hvorki hafa skipulagt né fjármagnað innflutninginn og kvaðst ekki vita hvaðan það fjármagn hefði komið, en aðili sem hann vildi ekki nafngreina hefði komið að máli við sig og beðið sig að vera skráður móttakandi á bifreiðinni. Framburður ákærða var nokkuð misvísandi um hvort hann hefði vitað að til staði að flytja inn efni í bifreiðinni. Kvaðst ákærði fyrst ekki hafa vitað það þegar aðilinn kom að máli við hann, en nánar aðspurður kvaðst hann hafa vitað um efnin en talið í fyrstu að um væri að ræða „læknadóp“. Síðar kvaðst ákærði hafa haldið að efnin væru amfetamín. Er það mat dómsins að þetta dragi úr trúverðugleika framburðar ákærða Sigurðar, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008.

81. Grunur beindist upphaflega að ákærða Sigurði vegna ábendingar til lögreglu í september 2024 um að til stæði að flytja fíkniefni til landsins í bifreið. Var ákærði Sigurður strax nafngreindur og sagður vera eigandi efnanna, en einnig var ákærði Baldur nafngreindur sem aðili sem myndi fara út og sækja bifreiðina ásamt öðrum ónafngreindum manni. Rannsóknargögn málsins bera með sér að ákærði Sigurður var í þó nokkrum samskiptum við meðákærðu Baldur, Sigfús og Agurim. Þannig var það niðurstaða rannsóknar lögreglu að ákærði Sigurður hefði verið í sambandi við þá alla þrjá á meðan þeir voru úti og notað símanúmerið [...] til þess, einkum dagana 20. og 21. september, í kringum kaup bifreiðarinnar. Fyrir dómi kvaðst ákærði aðeins hafa verið í sambandi við ákærða Sigfús vegna þeirra vandræða sem hefðu orðið úti og þá fyrst vitað af aðkomu hans að málinu, auk þess sem ákærðu Agurim og Sigfús hefðu beðið hann um að tala við ákærða Baldur til þess að fá hann til að hætta að drekka þarna úti. Ákærði staðfesti að hafa notað framangreint símanúmer í þessum samskiptum við meðákærðu og númerið fannst síðar í símtæki sem var haldlagt í fórum ákærðu Baldurs og Sigfúsar. Gaf ákærði þá skýringu að ákærði Baldur hefði látið sig fá símann áður en hann fór út til að nota í þessum samskiptum og kvaðst svo hafa skilað Baldri símanum eftir að hann var kominn heim. Að mati dómsins er þessi framburður ákærða ótrúverðugur og benda samskiptin og kaup ákærða á flugmiðum fyrir ákærðu Baldur og Sigfús þvert á móti til þess að ákærði hafi í raun átt meiri aðkomu að innflutningi efnanna en hann hefur viðurkennt.
82. Rannsóknargögn málsins benda enn fremur til þess að ákærði Sigurður, og eftir atvikum ákærði Agurim, hafi gefið ákærðu Baldri og Sigfúsi fyrirmæli í tengslum við málið. Þá kom fram í vætti stjórnanda rannsóknarinnar, lögreglumanns C, að lögregla hefði aldrei orðið vör við það í rannsókninni að ákærðu Sigurður og Agurim væru undir stjórn einhvers annars aðila sem væri hærra settur en þeir, þrátt fyrir að hafa stöðugt fylgst með þeim eins og rakið er að framan. Þá bera samskipti og samtöl ákærða Sigurðar við meðákærðu það með sér að hann hafi verið í nokkurs konar stjórnunarhlutverki gagnvart þeim, þar sem m.a. hafi verið notað nafnið Sigursteinn um ákærða í þessum samtölum og að öðru leyti talað undir rós. Að mati dómsins fær skýring ákærða á því hvers vegna ákærðu Baldur og Sigfús notuðu þetta nafn um ákærða ekki staðist, enda eru símtöl í málinu þar sem ákærði Sigurður kynnir sig sjálfur sem Sigurstein og er það mat dómsins að það hafi verið gert til þess að leyna aðkomu ákærða að málinu. Símtal þar sem ákærði Sigurður bað ákærða Baldur um að hreinsa alla farsíma bendir til hins sama, þ.e. að ákærði Sigurður hafi komið fram sem nokkurs konar verkstjóri gagnvart meðákærðu og

hið sama á við um símtal sem ákærði átti við meðákærða Sigfús 24. október 2024 þar sem ákærði kvaðst „ætla að græja pening á morgun eða hinn“. Þótt fjármögnun innflutningsins liggi ekki fyrir í gögnum málsins bendir þetta að mati dómsins til þess að ákærði hafi í það minnsta átt verulega aðkomu að skipulagningu og fjármögnun hans og hafi ætlað að greiða þeim ákærðu Sigfúsi og Baldri fyrir þeirra hlut.

83. Þá liggur fyrir á upptökum að ákærði Sigurður losaði efnin undan bifreiðinni, eftir að ákærði Agurim hafði bent honum á hvar efnin væru falin, og hefur ákærði einnig játað þetta fyrir dómi. Að mati dómsins er þó ótrúverðugur sá framburður ákærða að hann hafi fyrst lesið það í gögnum málsins að ákærði Agurim hefði áður reynt að losa efnin. Vildi ákærði ekki bera um þátt ákærða Agurim við losun efnanna nema að mjög takmörkuðu leyti, auk þess sem hann kvað aðkomu ákærðu Elsu ekki hafa verið neina og hún hefði ekki vitað að hún væri að bera fíkniefni inn í hestúsið. Að öðru leyti verður fjallað nánar um losun efnanna við hestúsið í umfjöllun um þátt ákærðu Elsu hér síðar.
84. Með vísan til allra þeirra atriða sem rakin eru að framan og tengja ákærða Sigurð við málið, rannsóknargagna og að nokkru leyti með vísan til framburðar ákærða sjálfs og gagna málsins að öðru leyti er sannað að ákærði Sigurður hafi staðið að þeim innflutningi eins og lýst er í ákæru og verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi.
85. Ákærði Agurim hefur játað fyrir dómi þátttöku sína í stórfelldu fíkniefnalagabroti en neitar sök hvað varðar skipulagða brotastarfsemi. Ákærði hefur því breytt framburði sínum fyrir dómi og verulegt innra ósamræmi var einnig í framburði hans hjá lögreglu eins og rakið er að framan. Ákærði bar fyrir dóminum að aðili sem hann vildi ekki nefna hefði fengið sig til að finna bifreið til að nota í kvikmyndaverkefni og hefði ákærði átt að fá greitt fyrir það. Hann hefði svo fengið vitneskju um það frá ónefnda aðilanum eftir að hann kom heim að fíkniefni væru í bifreiðinni. Lýsti ákærði því að hann hefði orðið tengiliður milli ónefnda aðilans og ákærðu Baldurs og Sigfúsar og mátti skilja að það hefði verið honum þvert um geð. Kvaðst ákærði ekki hafa þorað að greina frá þessu í skýrslum hjá lögreglu og kvaðst óttast um velferð sína og fjölskyldu sinnar vegna árásar sem hann hefði orðið fyrir í fangelsinu og hann hefði skilið sem skilaboð um að greina ekki frá. Á meðal málsgagna er tölvupóstur frá Fangelsismálastofnun, dags. 28. mars 2025, þar sem staðfest er að þann 12. nóvember 2024 hafi ákærði orðið fyrir árás í fangelsinu sem náðst hafi á upptöku og enn fremur að ákærði hafi kinnbeinsbrotnað 8. febrúar 2025, en ekki kemur nánar fram hvernig hann hafi orðið fyrir þeim áverka.

86. Rannsókn lögreglu beindist fyrst að ákærða Agurim 16. október 2024 þegar hann hringdi í síma ákærða Sigfúsar sem lögregla náði á upptöku. Ákærði kynnti sig sem Johnny, en gögn málsins bera með sér að ákærðu Baldur og Sigfús kölluðu ákærða því nafni. Bendir þetta að mati dómsins til þess að ákærði Agurim hafi viljað halda raunverulegu nafni sínu leyndu fyrir þeim. Þá er upptaka í gögnum málsins af símtali milli ákærðu Baldurs og Agurim 18. október 2024, þar sem sá fyrrnefndi spurði þann síðarnefnda hvað bifreiðin hefði kostað og hvað það hefði kostað að senda hana til Íslands og svaraði ákærði Agurim því nokkuð greiðlega sem að mati dómsins bendir til þess að hann hafi haft meiri hönd í bagga með kaupunum en hann vill vera láta. Þá fannst á dvalarstað ákærða Agurim að [...] í Reykjavík viðgerðarhandbók fyrir bifreiðina sem flutt var til landsins. Bendir þetta allt að mati dómsins til þess að ákærði Agurim hafi verið raunverulegur kaupandi bifreiðarinnar eða í það minnsta átt verulega aðkomu að kaupunum. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa verið úti í Belgíu þegar bifreiðin var keypt þótt hann hafi sagt ákærða Sigfús hafa greitt fyrir hana, sem að mati dómsins er fremur ótrúverðugt.
87. Ákærði staðfesti að hafa farið með ákærða Baldri á [barinn] í [...], en kvaðst ekki hafa afhent honum peninga þar. Að mati dómsins er ekki hægt að útiloka að einhver annar maður hafi afhent ákærða Baldri peninga á barnum, en lögregla gat ekki fylgst með því sem gerðist þar inni. Engu að síður bera rannsóknargögnin með sér að það var ákærði Agurim sem ræddi í a.m.k. tveimur símtölum 23. október 2024 við meðákærða Baldur um hvað greiða þyrfti til þess að leysa bifreiðina út úr tollinum og gaf honum fyrirmæli um að fara í [...] þar sem hann myndi fá afhenta peninga, en ákærði Agurim sagði í símtalinu að hann vildi ekki millifæra peninga.
88. Þá verður að mati dómsins ekki litið framhjá því að það var ákærði sem benti meðákærða Sigurði á hólfin tvö undir bifreiðinni þar sem efnin voru falin og heyrist á upptöku segja við meðákærða Sigurð: „And also the other one“ þegar ákærði gekk frá með töskuna. Að mati dómsins er framburður ákærða Agurim verulega ótrúverðugur um að hinn ónefndi aðili hefði sýnt honum mynd af því hvar efnin væru falin. Með vísan til alls framangreinds og gagna málsins að öðru leyti er það mat dómsins að ákærði Agurim hafi haft jafna stöðu og ákærði Sigurður við skipulagningu og framkvæmd innflutningsins á fíkniefnunum eins og lýst er í ákæru og verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi.

89. Ákærði Baldur neitar sök samkvæmt ákæru og hefur verið mikið misræmi í framburði hans hjá lögreglu og fyrir dómi, eins og rakið er nánar að framan. Framburður ákærða fyrir dómi um að hann hefði verið fenginn til þess að flytja bifreiðina inn fyrir kvikmyndaverkefni er ekki studdur neinum gögnum og að mati dómsins er enginn fótur fyrir því. Í því sambandi er litið til þess að ákærði Sigurður bar hvorki um það hjá lögreglu né fyrir dómi að bíllinn hefði verið fluttur inn fyrir kvikmyndaverkefni og ákærði Agurim bar fyrst um þetta fyrir dómi eftir að hann hafði fengið aðgang að öllum gögnum málsins. Þá var ákærði strax nefndur á nafn í ábendingunni til lögreglu í september 2024 sem innflytjandi efnanna og þá fyrir meðákærða Sigurð og ákærði staðfesti fyrir dómi að það hefði verið ákærði Sigurður sem hefði beðið hann um að sækja bifreiðina út.
90. Á meðal rannsóknargagna eru upptökur af símtölum 23. október 2024 milli ákærðu Baldurs og Agurim sem lýst er að framan. Kom fram í símtölunum eftir nokkrar bollalaggingar að ákærðu þyrftu um 500.000 krónur til þess að leysa bifreiðina út og gaf ákærði Agurim ákærða Baldri fyrirmæli um að fara að [...] í [...], þar sem barinn [...] er, fara inn á barinn og þar myndi starfsmaður láta hann hafa peninga. Myndir í gögnum málsins sýna ákærðu Agurim og Baldur fara saman inn á barinn og ákærða Baldur koma út um tveimur mínútum síðar. Þá bera gögn málsins með sér að ákærðu Baldur og Sigfús óku svo rakið í hraðbanka Landsbankans í [...], þar sem lagðar voru 500.000 krónur inn á reikning ákærða Sigfúsar, sem er einmitt sú fjárhæð sem nefnd var í símtölunum fyrr um daginn. Að mati dómsins er framburður ákærða um framangreind atriði verulega ótrúverðugur, einkum um að einhver hefði mögulega rétt ákærða Sigfúsi peningana á meðan ákærði Baldur hefði rétt við ákærða Agurim á barnum, sem ákærði Baldur kvaðst þó ekki muna neitt sérstaklega eftir að hafa gert. Þá er það að mati dómsins ekki trúverðugt að ákærði hafi ekki spurt meðákærða Sigfús út í það hvernig hann hefði komið höndum yfir 500.000 krónur. Er það mat dómsins að færðar hafi verið nægar sönnur á það með framangreindum gögnum að ákærði Baldur hafi tekið við þessum fjármunum umrætt sinn, en ákærði staðfesti fyrir dóminum að upptakan af símtalinu í gögnum málsins gæfi rétta mynd af því sem gerst hefði.
91. Ákærði Baldur hefur einnig gengist við að hafa útvegað 120.000 krónur upp í flutningskostnað bifreiðarinnar, sem bendir til þess að hann hafi átt verulegra hagsmuna að gæta af því að leysa bifreiðina út úr tollinum. Staðfestir þetta einnig enn frekar að bifreiðin var ekki flutt inn til notkunar í kvikmyndaverkefni eins og ákærði hefur haldið fram. Þá er á meðal rannsóknargagna upptaka af samtali milli ákærðu Baldurs og Y sem

átti sér stað í bifreið ákærða Sigfúsar 24. október 2024. Í samtalinu kemur fram að ákærði Baldur segist vita hvað sé falið í bifreiðinni og það séu 6 kíló af „ís“ sem samkvæmt gögnum málsins er slangur yfir metamfetamínkristalla eða „Crystal Meth“. Þá talar ákærði Baldur einnig um það í þessu samtali hvernig hann hegði sér ef verið sé að „hlera mig“ en þá vilji hann vera alveg slakur. Bendir þetta að mati dómsins til þess að ákærði Baldur hafi vitað af fíkniefnunum í bifreiðinni og verður framburður hans um annað ekki lagður til grundvallar í málinu.

92. Á meðal gagna málsins er símtal milli ákærðu Baldurs og Sigurðar þar sem ákærði Baldur ræðir um hnakka. Segist hann vera með hnakkana og „að þeir séu klárir þannig að við getum farið að keppa“. Ákærði Baldur hefur fullyrt að hann hafi haft hnakka í bíl sínum sem hann hafi ætlað að sýna ákærða Sigurði og að þessi samtöl hafi snúist um það. Framburður ákærða Sigurðar var ekki mjög skýr um þetta hjá lögreglu en fyrir dómi greindi hann frá því að hann hefði spurt ákærða Baldur út í þetta síðar og hann þá sagt að hann hefði viljað sýna ákærða Sigurði hnakka. Símtalið hefði þó snúist um að ákærði Baldur hefði verið að biðja hann um að láta sig hafa pening, en hvergi í samtalinu er það þó rætt. Í málinu liggur fyrir staðfestingarskýrsla lögreglumanns F þar sem staðfest er að engir hnakkar hafi verið í bifreiðum ákærðu Baldurs og Sigfúsar við leit í þeim og undir skýrsluna skrifa einnig tveir aðrir lögreglumenn sem tóku þátt í leitinni. Þá staðfesti lögreglumaður F þetta einnig í skýrslu sinni fyrir dómi. Við aðalmeðferð málsins var lögð fram upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns sem meðal annarra leitaði í bifreiðunum. Á upptökunni sést þegar skott bifreiðar ákærða Baldurs var opnað og var það troðfullt af alls kyns pokum og töskum og öðru dótí. Eitthvað af þessu var tekið út úr skottinu en þó alls ekki allt. Það er mat dómsins að þessi upptaka gefi ekki tilefni til þess að draga í efa framburð þeirra lögreglumanna sem hafa staðfest með framan- greindri skýrslu, og einnig framburði lögreglumanns F fyrir dómi, að engir hnakkar hafi verið í bifreiðinni. Hnakkar eru fyrirferðarmiklir og hefði verið hnakkur í skottinu, hvað þá fleiri en einn, er það mat dómsins að það hefði ekki farið framhjá lögreglumönnum, þrátt fyrir mikið dót. Það er mat dómsins að umrætt samtali um hnakka hafi augljóslega verið ætlað til þess að afvegaleiða lögreglu ef sími ákærða Baldurs kynni að vera hleraður. Um þremur mínútum eftir samtalið þar sem hnakkar voru nefndir hringdi ákærði Sigurður í ákærða Baldur og bað hann um að taka alla síma og hreinsa út „history“ og jafnvel gera „factory reset“. Dómurinn telur þetta einnig benda til þess að

ákærði Sigurður hafi skilið framangreint samtal á þann veg að þar hafi ákærði Baldur verið að ræða fíkniefnin í bifreiðinni.

93. Að virtum öllum þeim atriðum sem rakin hafa verið hér að framan og tengja ákærða Baldur við málið og með vísan til rannsóknargagna málsins að öðru leyti er að mati dómsins sannað að ákærði Baldur hafi staðið að framangreindum innflutningi fíkniefna eins og lýst er í ákæru og verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákæru.
94. Ákærði Sigfús hefur neitað sök samkvæmt ákæru og fyrir dóminum bar hann að mestu leyti fyrir sig minnisleysi. Ákærði gekkst þó við því að hafa farið út til Belgíu með Baldri til að kaupa umrædda bifreið og að úti hefðu þeir hitt ákærða Agurim. Enn fremur að bifreiðin hefði verið skráð á sitt nafn en kvaðst ekki vita ástæðu þess. Ákærði mundi eftir að hafa farið til Þorlákshafnar að sækja bifreiðina og mundi einnig að þeir hefðu farið með hana í [...], þar sem ákærði Agurim hefði tekið við henni. Framburður ákærða fyrir dómi var mjög hikandi og í flestum tilfellum kvaðst hann ekki muna en þegar hann var spurður hvort hann hefði rætt við meðákærðu um að það væru fíkniefni í bifreiðinni svaraði ákærði Sigfús því mjög ákveðið neitandi og kvaðst ekki hafa haft hugmynd um það. Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst hann hins vegar hafa verið farinn að gruna að það væru fíkniefni í bifreiðinni og kvað þá meðákærða Baldur mögulega hafa rætt þetta eitthvað.
95. Í málinu liggur fyrir matsgerð M geðlæknis um sakhæfi ákærða Sigfúsar og eru helstu niðurstöður hennar raktar hér að framan. Í þeim kemur m.a. fram að ákærði glími við [...] og [...] og hafi langa sögu um [...]. Í matsgerðinni kemur einnig fram að samkvæmt sjúkraskrá ákærða hafi hann við skoðun á heilsugæslu 16. ágúst 2023 skorað 29/30 á [...], en umrætt próf er 30 atriða spurningalisti sem notaður er klínískt og í rannsóknum til þess að meta [...] og skima fyrir [...]. Þeir sem skora 27–30 stig eru ekki taldir vera með [...]. Ákærði skoraði hins vegar 2/5 á [...]prófi sem talið var benda til [...] og ákærði var því sendur á [...] Landakots. Samkvæmt gögnum málsins var fyrsta koma hans á [...] 25. október 2024, sama dag og handtökur fóru fram í því máli sem hér er til umfjöllunar. Við þá komu var á ný lagt fyrir ákærða [...] og þá skoraði hann 30/30, þ.e. fékk fullt hús stiga. Á [...]prófi, sem einnig var lagt fyrir, skoraði ákærði hins vegar 1/5 og var það því verri útkoma en hafði verið við skoðun á heilsugæslunni í ágúst. Þá voru einnig lögð fyrir ákærða fleiri [...]próf sem bentu til [.]. Þegar matsmaður lagði fyrir ákærða [...]próf í viðtali 8. febrúar 2025 fékk hann fullt hús stiga, skoraði 5/5 og hafði

því farið verulega fram. Í skýrslu sinni fyrir dómi taldi matsmaðurinn að líklega væri um áfengistengd [...] að ræða og að möguleiki væri á framförum í einhvern tíma eftir að áfengisneyslu væri hætt. Kvaðst matsmaður telja að rétt hefði verið að bíða með endanlega greiningu á ákærða í ljósi þessa, en út frá þeim [...]prófum og rannsóknum sem hefðu verið gerðar á ákærða væri hann með [...]. Niðurstaða matsmannsins var að ákærði hefði ekki verið ófær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu, þrátt fyrir [...]. Taldi matsmaður að þetta mat sitt ætti engu að síður við þótt ákærði hefði fengið formlega greiningu á [...] nú og benti í því sambandi á sjúkraskrá ákærða frá því skömmu fyrir verknaðinn. Ákærði skildi enn fremur muninn á orsök og afleiðingu, sem og réttu og röngu, og var það niðurstaða matsmanns að refsing gæti borið árangur yrði hann sakfelldur í málinu.

96. Við aðalmeðferð málsins var lagt fram vottorð N [...] frá 13. mars 2025 þar sem fram kom að ákærði Sigfús hefði verið greindur með [...]. Í vætti læknisins fyrir dómi kom fram að hann teldi ákærða á [...] sjúkdómsins og kvað það sitt mat að hann þyrfti að vera á hjúkrunarheimili. Þá kom fram að upplýsingar um ástand ákærða Sigfúsar og þær breytingar sem orðið hefðu frá fyrri getu hans hefðu eingöngu komið frá hans nánasta aðstandanda, sem væri ákærði Baldur. Læknirinn taldi aðspurður að betri útkoma á [...]prófi ákærða í febrúar 2025 gætu bent til þess að honum kynni að fara meira fram og enn fremur að ákærði hefði sýnt „töluverða getu“ í ferð sinni til útlanda haustið 2024.
97. Fyrir liggur að ákærði Sigfús tók að sér að vera skráður móttakandi á umræddri bifreið og fór utan til þess að kaupa bifreiðina með ákærða Baldri. Þegar út til Ítalíu var komið týndist ákærði Baldur en ákærði Sigfús var fær um að koma sér sjálfur á áfangastað í Belgíu. Þannig náði hann að hringja til Íslands og fá aðstoð við að útvega flugmiða, kom sér sjálfur einn í flugið og komst á áfangastað. Og á meðan ákærði Baldur var enn á Ítalíu fór ákærði Sigfús með ákærða Agurim og gekk frá kaupum á bifreiðinni. Á leiðinni heim til Íslands týndist ákærði Baldur á ný en engu að síður náði ákærði Sigfús að koma sér í rétt flug heim. Ákærði Sigfús var samkvæmt þessu fær um ýmislegt, þótt ákærði Baldur væri ekki honum til aðstoðar. Þegar heim var komið sinni ákærði einnig mörgum verkefnum í tengslum við að leysa bifreiðina út úr tolli og var m.a. í samskiptum við tollyfirvöld. Þá fór ákærði Sigfús einn og greiddi rúmlega 5.000 krónur sem vantaði upp á gjöldin þegar ákærði Baldur fannst ekki þar sem hann var í fangaklefa vegna ótengds máls.

98. Þegar allt framangreint er virt er það mat dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, að ákærði Sigfús hafi á verknaðarstundu ekki verið ófær um að stjórna gerðum sínum. Enn fremur liggur fyrir dómkvatt mat, sem ekki hefur verið hnekkt með yfirmatsgerð, um að refsing geti borið árangur í tilviki ákærða. Þótt ákærði hafi hlotið greiningu um [...] er það mat dómsins í ljósi alls framangreinds að ákærði hafi verið sakhæfur á verknaðarstundu í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga og að refsing geti enn fremur borið árangur í skilningi 16. gr. sömu laga. Er þá til þess að líta að haga ber afplánun refsingar í samræmi við heilsu viðkomandi fanga og að heimilt er að vista fanga, um stundarsakir eða allan refsitímamann, á heilbrigðisstofnun, sbr. 22. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.
99. Með hliðsjón af öllu sem rakið hefur verið að framan er að mati dómsins sannað að ákærði Sigfús hafi verið nauðsynlegur hlekkur við framningu brotsins sem innflytjandi bifreiðarinnar, þótt ekki verði talið að hann hafi komið að skipulagningu innflutningsins eða fjármögnun. Ákærði átti að fá greitt fyrir aðkomu sína að málinu og í ljósi alls þess umstangs sem ákærði tók þátt í við kaup og innflutning bifreiðarinnar mátti hann gera sér ljóst að um fíkniefnainnflutning væri að ræða eða lét sér það a.m.k. í léttu rúmi liggja. Verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákæru.

#### *Heimfærsla til refsíákvæða*

100. Framangreind brot ákærðu Sigurðar, Agurim, Baldurs og Sigfúsar varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga. Eru ákærðu ákærðir fyrir verkskipta aðild að innflutningi verulegs magns fíkniefna til Íslands og verður að virða háttsemi þeirra sem eina heild. Það er mat dómsins að ákærðu hafi skipt með sér verkum með þeim hætti að ákærðu Sigurður og Agurim hafi skipulagt innflutning fíkniefnanna og ákærði Sigurður fengið ákærðu Baldur og Sigfús til ferðarinnar og ákærði Agurim stjórnað aðgerðum úti í Belgíu. Eftir að heim var komið gegndu ákærðu Baldur og Sigfús mikilvægu hlutverki við að leysa bifreiðina út úr tolli og ákærði Baldur fjármagnaði m.a. hluta flutningskostnaðar. Loks losaði ákærði Sigurður efnin undan bifreiðinni eftir leiðbeiningum og að viðstöddum ákærða Agurim. Að þessu virtu verður að telja að um samverknað þeirra allra hafi verið að ræða og að þáttur hvers og eins þeirra hafi verið nauðsynlegur fyrir fullframningu brotsins, þótt þáttur ákærðu í brotinu sé mismikill. Verður því ekki fallist á málatilbúnað ákærðu Sigurðar, Baldurs og Agurim um að þeirra þáttur teljist hlutdeild skv. 22. gr.

almennra hegningarlaga í broti annarra ákærðu, eða eftir atvikum ónafngreindra aðila, gegn 173. gr. a sömu laga.

101. Ákærðu mótmæla því allir að háttsemi sem þeim er gefin að sök í ákærulið I teljist hafa verið þátttaka í skipulagðri brotastarfsemi og verði hún því ekki heimfærð til 175. gr. a almennra hegningarlaga. Samkvæmt því ákvæði skal sá sæta fangelsi allt að fjórum árum, nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum, er sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar a.m.k. fjögurra ára fangelsi og framkvæmd hans er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er með skipulögðum brotasamtökum átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar a.m.k. fjögurra ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni er að fremja slíkan verknað.
102. Framangreint ákvæði var lögfest með 5. gr. laga nr. 149/2009 um breytingu á almennum hegningarlögum í tengslum við fullgildingu á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samningurinn) sem fullgiltur var hér á landi 13. maí 2010. Í athugasemdum við ákvæðið segir m.a. að áskilið sé að maður sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varði minnst fjögurra ára fangelsi, en sú afmörkun sé byggð á samningnum. Tekið er fram að við nánari túlkun á hlutræna efnisskilyrðinu um sammæli manna verði að horfa til þess hvort maður hafi vitandi vits tekið þá ákvörðun að taka virkan þátt í starfsemi skipulagðra brotasamtaka með því að fremja verknað sem fullnægi framangreindum skilyrðum og framkvæmd verknaðarins sé liður í starfsemi slíkra samtaka eins og þau séu skilgreind í 2. mgr. ákvæðisins. Þá er áskilið að tilvist og mótun félagsskaparins sé ekki tilviljunarkennd heldur sé um að ræða meðvitað samstarf á milli þriggja eða fleiri manna um skipulega framkvæmd refsiverðra verka sem fullnægi framangreindum skilyrðum eða að verulegur þáttur í starfseminni felist í því að fremja slíkan verknað.
103. Þegar litið er til alls þess sem rakið er að framan um það hvernig verkið var framið og um tengsl ákærðu innbyrðis hefur að mati dómsins ekki verið sýnt fram á að innflutningur fíkniefnanna hafi verið liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka. Starfsemi slíkra brotasamtaka er almennt þaulskipulögð og unnin af fagmennsku og þá er yfirleitt nægur aðgangur að fjármagni í slíkum samtökum. Við innflutning fíkniefnanna í Daimler-bifreiðinni var ekki einu sinni búið að sjá til þess að fjármagn væri til reiðu fyrir flutningskostnaði, tollum og öðrum gjöldum. Verður að líta svo á að félagsskapur ákærðu hafi

verið nokkuð tilviljunarkenndur, m.a. varðandi hver sæi um hvaða þátt, og hefur ekki verið sýnt fram á að ákærðu hafi vitandi vits tekið ákvörðun um að taka þátt í starfsemi skipulagðra brotasamtaka í skilningi ákvæðis 175. gr. a almennra hegningarlaga að því er varðar ákærulið I.

104. Samkvæmt öllu framangreindu verða ákærðu Sigurður, Agurim, Baldur og Sigfús allir sakfelldir samkvæmt ákærulið I fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, sbr. 173. gr. a almennra hegningarlaga, en sýknaðir af skipulagðri brotastarfsemi, sbr. 175. gr. a almennra hegningarlaga.

### *Ákæruliður II*

105. Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða Y gefin að sök hlutdeild í tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots eins og nánar er lýst að framan. Þannig hafi ákærði veitt ákærðu Baldri og Sigfúsi liðsinni með því að vera stuðningur og hvatning þegar þeir fóru og sóttu bifreiðina og afhentu hana síðar ákærða Agurim, þrátt fyrir að ákærða Y hefði á þeim tímapunkti verið ljóst að í bifreiðinni væru fíkniefni, sem þó hafði verið skipt út fyrir gerviefni.
106. Fyrir liggur að ákærði Y hafði verið með ákærðu Baldri og Sigfúsi í bifreið þess síðarnefnda um nokkurra daga skeið og lýsti hann því fyrir dómnum að hann hefði ekki átt neinna annarra kosta vól vegna húsnæðisleysis og fötlunar sinnar. Fjallað hefur verið að framan um samtal milli ákærðu Y og Baldurs, sem átti sér stað í bifreiðinni 24. október 2024, þar sem rætt var um fíkniefni í bifreiðinni. Ákærði Y hefur gefið þá skýringu að ákærði Baldur hafi verið drukkinn og rætt um alls konar hluti og ákærði hafi eingöngu spilað með „vitleysunni“ í ákærða Baldri, svarað honum í kaldhæðni eða gríni. Þá hafi hann verið þakklátur fyrir að fá að dvelja með þeim í bifreiðinni. Gögn málsins bera ekki með sér að ákærði Y hafi fyrir þennan dag heyrt talað um fíkniefni í bifreiðinni, þrátt fyrir að lögregla hafi verið að hlusta á samtöl í bifreiðinni frá 16. október 2024. Þá bar meðákærði Baldur fyrir dómi að ákærði Y hefði bara verið farþegi í bifreiðinni með þeim Sigfúsi og ekkert vitað um málið.
107. Það er skilyrði þess að sakfella megi ákærða fyrir hlutdeild í tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots að hann hafi með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt átt þátt í því að brotið var framið, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Að virtu öllu því sem rakið hefur verið að framan er það mat dómsins að ákærði Y hafi ekki átt nokkurn þátt í að brotið var framið, þrátt fyrir að hann hafi í framangreindu

samtali tekið að einhverju leyti undir tal ákærða Baldurs um fíkniefni, en fyrir liggur að sá síðarnefndi var undir áhrifum áfengis og tal hans bar þess nokkur merki. Var ákærði eingöngu farþegi í bifreiðinni og í ljósi fötlunar hans hefði að mati dómsins ekki verið einfalt fyrir hann að yfirgefa hana, jafnvel þótt hann hefði trúað tali meðákærða Baldurs. Að þessu virtu verður ákærði Y sýknaður af þeirri háttsemi sem lýst er í ákærulið II.

### *Ákæruliður III*

108. Ákærðu Elsu er í þessum ákærulið gefin að sök hlutdeild í tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots meðákærðu sem nánar er lýst í umfjöllun um ákærulið I að framan. Er hlutdeild hennar samkvæmt verknaðarlýsingu í ákæru fólgin í því að aðstoða ákærðu Sigurð og Agurim við að fjarlægja efnin úr bifreiðinni, sem þá hafði verið skipt út fyrir gerviefni, og taka við hluta efnanna og bera þau inn í hesthús. Ákærða hefur neitað sök og borið því við að hún hafi ekki haft hugmynd um fíkniefnin. Þá hefur ákærða haldið því fram að hún hafi tekið við lítilli, svartri tösku og borið hana inn í húsið og ekki áttað sig á að í henni væru fíkniefni.
109. Eins og nánar er lýst að framan voru atvik við hesthúsið í [...] 25. október 2024 tekin upp í hljóði og mynd og er upptakan á meðal málgagna. Er þar bæði um að ræða upptöku frá myndvél sem komið var fyrir undir Daimler-bifreiðinni, og er sú upptaka með hljóði, en einnig er á upptökunni yfirlitsmynd af vettvangi, með þröngu og víðu sjónarhorni og án hljóðs. Þessar upptök voru spilaðar nokkrum sinnum við aðalmeðferðina og dómarmálsins hafa enn fremur farið vel yfir þær. Það er mat dómsins að virtum þessum upptökum að þær sýni ákærðu Elsu aðstoða ákærðu Sigurð og Agurim við að finna til tjakk og timbur til þess að lyfta bifreiðinni upp. Þá sést á upptökunni nokkru síðar hvar ákærða mætir meðákærða Agurim þar sem hann heldur á svartri tösku inn í hesthúsið. Ákærða gengur áfram að bifreiðinni og virðist halda á einhverju sem glampar á. Þegar hún kemur að bifreiðinni heyrir ákærði Sigurður segja: „Eru þetta verkfærin þarna? Settu þau undir.“ Svo heyrir ákærði Sigurður spyrja ákærðu Elsu hvort einhver sé að horfa og ákærða sést beygja sig að bifreiðinni. Ákærði Sigurður réttir svo ákærðu efnin og sést greinilega á upptökunni að ákærða heldur með báðum höndum á einhverju flötu sem er ljóst á litinn, en ekki á svartri tösku. Þá sést á upptökunni að pakkningin sem ákærði Sigurður tók undan bifreiðinni var flöt og ljós á litinn og greinilega pökkuð inn í sellófanplast. Þegar ákærða er komin mjög skammt frá bifreiðinni heyrir ákærði Sigurður segja: „Inn með þetta, Elsa, inn með þetta. Ofan í skítinn.“

110. Með hliðsjón af framangreindu fær að mati dómsins ekki staðist sá framburður ákærðu að henni hafi verið rétt efnin í svartri tösku. Er það einnig stutt af framburði lögreglumanns C sem bar mjög skýrt um að ákærða hefði haldið á fíkniefnapakkningu inn í húsið og hefði haldið á henni berum höndum, en ekki í tösku. Bar vitnið m.a. um að lögreglumenn hefðu einnig getað fylgst með þessu í beinu streymi frá öðru sjónarhorni. Þá er framburður ákærða Sigurðar fyrir dómi verulega ótrúverðugur um þennan þátt málsins. Hjá lögreglu bar hann, eins og rakið er að framan, að ákærða hefði bara áttað sig á því að um fíkniefni væri að ræða þegar hann hefði rétt henni þau og að þetta hefði verið „augljóst mál, þetta var í einhverju selló og drasli þarna“. Ákærði var svo spurður hvort það hefði verið mikil olía á þessu og ákærði kvaðst ekki muna það og sagði svo: „Ég man bara að þetta voru litlar kúlur, þrjár eða fjórar, og svo var svona plata sem var líka í sellói. Mig minnir að þetta hafi verið svoleiðis og kannski, já, bláleit olía, getur verið.“ Þessi framburður ákærða hjá lögreglu samræmist því sem kemur fram á upptökunni. Í framburði ákærða fyrir dómi bar hann hins vegar um að pakkningarnar hefðu verið „löðrandi í olíu“, sem myndefnið ber alls ekki með sér. Þá fær að mati dómsins ekki heldur staðist sá framburður ákærða Sigurðar fyrir dómi að hann hafi sett pakkningu í tösku undan borvél og rétt meðákærðu hana, sbr. það sem rakið er að framan.
111. Er það niðurstaða dómsins með hliðsjón af því sem kemur fram á upptökunni og einnig að virtum framburði lögreglumanns C, sem rakinn er að framan, að ákærða hafi gert sér grein fyrir að um fíkniefni væri að ræða og að ásetningur hennar hafi vaknað til hlutdeildar í síðasta lagi þegar hún tók við efnunum frá ákærða Sigurði. Er þetta eina aðkoma ákærðu að málinu og telst hún minni háttar og ekki nauðsynlegur þáttur við framkvæmd verksins. Að þessu virtu verður ákærða sakfelld samkvæmt þessum ákærulið og er brotið rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

#### *Refsing og upptökuröfur*

112. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að í ákærulið I var um að ræða samverknað ákærðu Sigurðar, Agurim, Baldurs og Sigfúsar með verkskiptri aðild þar sem þáttur hvers og eins var mismikill, eins og rakið hefur verið. Ásetningur var að mati dómsins einbeittur að því er alla ákærðu varðar um þá verkþætti sem hver og einn tók að sér, þótt ásetn-

ingur ákærða Sigfúsar hafi að einhverju leyti verið þokukenndur. Standa ákærðu Sigurður og Agurim nokkurn veginn jafnt að vígi annars vegar og sömuleiðis ákærðu Baldur og Sigfús hins vegar. Þá var ásetningur ákærðu Elsu til hlutdeildar í brotinu jafnframt einbeittur að mati dómsins, sbr. ákærulið III. Enn fremur verður litið til þess að um var að ræða mikið magn hættulegra fíkniefna sem voru, samkvæmt matsgerð og vætti verk-efnastjóra hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, hreint metamfetamín. Verður litið til þess við ákvörðun refsingar ákærðu að brot þeirra fólu í sér röskun á mikilvægum almannahagsmunum og var veruleg hætt á því að efnin færu í sölu og dreifingu til ótiltekins fjölda manna hér á landi. Horfa framangreind atriði almennt til refsipýngingar, sbr. 1., 3., 5., 6. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og einnig 2. mgr. 70. gr. sömu laga að því er varðar ákærðu Sigurð, Agurim, Baldur og Sigfús.

113. Ákærði Sigurður er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði hans á hann nokkurn sakaferil að baki. Ákærði var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir brennu í desember 2004. Þá var hann dæmdur í 20 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til sektargreiðslu í desember 2018 fyrir skattalagabrot. Í nóvember 2019 var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir fíkniefnalagabrot og þá var skilorðshluti dómsins frá desember 2018 dæmdur með og honum gerð refsing í einu lagi. Ákærði fékk reynslulausn 13. nóvember 2022 í tvö ár á eftirstöðvum 430 daga refsingar samkvæmt þeim dómi. Þá var ákærði dæmdur til sektargreiðslu og sviptur ökurétti í maí 2021 fyrir umferðarlagabrot. Loks var ákærði dæmdur í 12 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til sektargreiðslu í nóvember 2024 fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og var um að ræða hegningarauka við dóminn frá desember 2018. Brot ákærða sem hann er nú dæmdur fyrir var framið áður en hann hlaut dóminn í nóvember 2024 og áður en skilorðstíma reynslulausnar, sem ákærði hlaut vegna dómsins frá nóvember 2019, lauk. Er því um að ræða hegningarauka og rof á skilorði reynslulausnar. Ber að taka upp skilorðsbundna hluta dómsins frá nóvember 2024, 12 mánuði, og 430 daga eftirstöðvar refsingar vegna dómsins frá nóvember 2019 og verður honum gerð refsing í einu lagi, sbr. 60. gr., sbr. 77. og 78. gr., almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af því sem rakið er að framan um alvarleika brotsins og því mikla magni af fíkniefnum sem flutt var til landsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 26. október 2024 dregst frá refsingu.
114. Ákærði Agurim er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot og þykir rétt að horfa til þess, sem og játningar ákærða fyrir dómi varðandi það brot sem hann hefur verið sakfelldur fyrir. Að því virtu og með hliðsjón af

Því sem rakið er að framan um alvarleika brotsins og því mikla magni fíkniefna sem flutt voru til landsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm og hálf ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 26. október 2024 dregst frá refsingu.

115. Ákærði Baldur er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði hans á hann nokkurn sakaferil að baki. Ákærði var dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir fíkniefnalagabrot í apríl 2019. Í janúar 2022 var hann dæmdur til sektargreiðslu vegna fíkniefnalagabrots og í desember 2023 var hann dæmdur til sektargreiðslu og sviptur ökurétti vegna umferðarlagabrots. Að öðru leyti hefur sakaferill ákærða ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Ber að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 1., sbr. 2., mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Að því virtu og með hliðsjón af því sem rakið er að framan um alvarleika brotsins og því mikla magni fíkniefna sem flutt voru til landsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 26. október 2024 dregst frá refsingu.

116. Ákærði Sigfús er fæddur í [...]. Sakaferill hans hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Að því virtu og með hliðsjón af því sem rakið er að framan um alvarleika brotsins og því mikla magni fíkniefna sem flutt voru til landsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú og hálf ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 26. október 2024 dregst frá refsingu.

117. Ákærða Elsa er fædd í [...]. Samkvæmt sakavottorði hefur hún ekki áður gerst sek um refsivert brot. Verður litið til þess sem og að hlutdeild ákærðu í brotinu var takmörkuð, eins og henni er lýst í ákæru. Að því virtu og með hliðsjón af því sem rakið er að framan um alvarleika aðalbrotsins og því mikla magni fíkniefna sem flutt voru til landsins þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði en rétt þykir að skilorðsbinda refsinguna að fullu og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Komi til afplánunar refsingarinnar skal gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 26. október 2024 til 31. sama mánaðar dragast frá refsingunni.

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 verða gerð upptæk 5.733,60 g af metamfetamínkristöllum, sbr. efnaskrárnúmer [...], sem lagt var hald á við rannsókn brotsins. Í ákæru er einnig krafist upptöku á Daimler Double Six bifreið og sjö farsímum sem ákærðu eru sagðir hafa notað við brotið og er upptökukröfum ekki mótmælt af hálfu ákærðu. Umrædd Daimler-bifreið, sbr. muna-skrárnúmer [...], var notuð við framningu brotsins þegar fíkniefnin komu til landsins. Verður hún því gerð upptæk með vísan til 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga.

Kröfur um upptöku á haldlögðum sínum eru óskýrar þar sem ekki er sérstaklega tilgreint að hverjum þær beinast. Að mati dómsins eru þær allt að einu dómtækar þegar rýnt er í gögn málsins. Að því virtu og með vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga verða gerðir upptækir sex símar, sbr. munaskrárnúmer [...], [...], [...], [...], [...] og [...]. Hafnað er upptökukröfu varðandi síma með munaskrárnúmer [...], en um þann síma er ekki fjallað í rannsóknargögnum málsins.

#### *Sakarkostnaður*

118. Vegna málsúrslita og með vísan til 1. mgr. 235. gr. og 1. og 2. mgr. 236. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 verður ákærðu Sigurði, Agurim, Baldri, Sigfúsi og Elsu gert að greiða sakarkostnað vegna málsins. Auk málsvarnarlauna falla undir sakarkostnað önnur útgjöld samkvæmt yfirliti ákærvaldsins, 3.554.854 krónur, en dregnar hafa verið frá 14.150 krónur sem reyndust vera vegna kreditreiknings. Þykir rétt, í ljósi veigaminni aðkomu ákærðu Elsu að málinu, að annar sakarkostnaður samkvæmt yfirliti ákærvaldsins, 3.554.854 krónur, verði felldur sameiginlega á ákærðu Sigurð, Agurim, Baldur og Sigfús einvörðungu. Þar sem þeir eru sýknaðir af sakargiftum er lúta að starfsemi skipulagðra brotasamtaka, sbr. 175. gr. a almennra hegningarlaga, þykir rétt að fjórðungur sakarkostnaðar, þar með talin vegna málsvarnarlauna verjenda þeirra, verði felldur á ríkissjóð eins og nánar greinir í dómsorði.
119. Nánar tiltekið falla undir sakarkostnað varðandi ákærða Sigurð málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Magnússonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykja hæfilega ákveðin 5.674.860 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti og önnur útgjöld samkvæmt yfirliti ákærvaldsins, 3.554.854 krónur.
120. Nánar tiltekið falla undir sakarkostnað vegna ákærða Agurim málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Snorra Sturlusonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 5.674.860 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, auk aksturskostnaðar sama lögmanns, 105.596 krónur. Þá falla undir sakarkostnað ákærða Agurim önnur útgjöld samkvæmt yfirliti ákærvaldsins, 3.554.854 krónur.
121. Nánar tiltekið falla undir sakarkostnað vegna ákærða Baldurs málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Inga Freys Ágústssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 5.766.930 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, auk aksturskostnaðar sama lögmanns, 16.356 krónur. Þá falla undir sakarkostnað ákærða Baldurs önnur útgjöld samkvæmt yfirliti ákærvaldsins, 3.554.854 krónur.

122. Nánar tiltekið falla undir sakarkostnað vegna ákærða Sigfúsar málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Evu Dóru Kolbrúnardóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 6.294.240 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá falla undir sakarkostnað ákærða Sigfúsar önnur útgjöld samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins, 3.554.854 krónur.
123. Nánar tiltekið falla undir sakarkostnað vegna ákærðu Elsu málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 3.509.820 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.
124. Ákærði Y hefur verið sýknaður og vegna þeirra málsúrslita greiðast úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gísla Kr. Björnssonar lögmanns, 2.500.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 2. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008.
125. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.
126. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari, Björn L. Bergsson héraðsdómari og Halldóra Jónsdóttir geðlæknir sem sérfróður meðdómsmaður kveða upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Sigurður Kristinsson, sæti fangelsi í átta ár. Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald með fullri dagatölu sem hann hefur sætt óslitið frá 26. október 2024 til uppkvaðningar dómsins.

Ákærði, Agurim Xixa, sæti fangelsi í fimm og hálf ár. Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald með fullri dagatölu sem hann hefur sætt óslitið frá 26. október 2024 til uppkvaðningar dómsins.

Ákærði, Baldur Þór Sigurðarson, sæti fangelsi í fjögur ár. Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald með fullri dagatölu sem hann hefur sætt óslitið frá 26. október 2024 til uppkvaðningar dómsins.

Ákærði, Sigfús Bergmann Svavarsson, sæti fangelsi í þrjú og hálf ár. Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald með fullri dagatölu sem hann hefur sætt óslitið frá 26. október 2024 til uppkvaðningar dómsins.

Ákærða, Elsa Ruth Róbertsdóttir, sæti fangelsi í 10 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Komi til

afplánunar refsingarinnar skal gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 26. október 2024 til 31. sama mánaðar dragast frá refsingunni.

Ákærði, Y, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Gerð eru upptæk 5.733,60 g af metamfetamínkristöllum (efnaskrárnúmer [...]).

Daimler Double Six bifreið (munaskrárnúmer [...]) og sex farsímar með munaskrárnúmerin [...], [...], [...], [...], [...] og [...] eru gerð upptæk.

Ákærði Sigurður greiði  $\frac{3}{4}$  hluta sakarkostnaðar sem er samtals 9.229.714 krónur, þar með talda  $\frac{3}{4}$  hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Hilmars Magnússonar lögmanns, 5.674.860 króna, og  $\frac{3}{4}$  hluta annars sakarkostnaðar, 3.554.854 króna, in solidum með ákærðu Agurim, Baldri og Sigfúsi, en  $\frac{1}{4}$  hluti sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Agurim greiði  $\frac{3}{4}$  hluta sakarkostnaðar sem er samtals 9.335.310 krónur, þar með talda  $\frac{3}{4}$  hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Snorra Sturlusonar lögmanns, 5.674.860 króna, auk  $\frac{3}{4}$  hluta aksturskostnaðar, 105.596 króna, og  $\frac{3}{4}$  hluta annars sakarkostnaðar, 3.554.854 króna, in solidum með ákærðu Baldri, Sigfúsi og Sigurði, en  $\frac{1}{4}$  hluti sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Baldur greiði  $\frac{3}{4}$  hluta sakarkostnaðar sem er samtals 9.338.140 krónur, þar með talda  $\frac{3}{4}$  hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Inga Freys Ágústssonar lögmanns, 5.766.930 króna, auk  $\frac{3}{4}$  hluta aksturskostnaðar, 16.356 króna, og  $\frac{3}{4}$  hluta annars sakarkostnaðar, 3.554.854 króna, in solidum með ákærðu Agurim, Sigfúsi og Sigurði, en  $\frac{1}{4}$  hluti sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Sigfús greiði  $\frac{3}{4}$  hluta sakarkostnaðar sem er samtals 9.849.094 krónur, þar með talda  $\frac{3}{4}$  hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Evu Dóru Kolbrúnardóttur lögmanns, 6.294.240 króna, og  $\frac{3}{4}$  hluta annars sakarkostnaðar, 3.554.854 króna, in solidum með ákærðu Agurim, Baldri og Sigurði, en  $\frac{1}{4}$  hluti sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða Elsa greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 3.509.820 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda Y, Gísla Kr. Björnssonar lögmanns, 2.500.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Guðrún Sesselja Arnardóttir

Björn L. Bergsson

Halldóra Jónsdóttir